

SÓLARLITLIR DAGAR

***Saga Manndrápa-Bjarnar eins og leikarar
sögðu hana á Laugarbrekkubíngi 1596***

Gleðileikur í 16 atriðum

eftir

Benóný Ægisson

3. útgáfa

PERSÓNUR:

ÞORGEIR LEIKARI - Faðir Bjarnar, Draummaður, Vermaður, Sendimaður, Piltur, Bróðir

ÞORBJÖRG LEIKARI - Móðir Bjarnar, Vinnukona, Stúlka

SUNNEVA LEIKARI - Kerling, Förukona

AÐALGRÍMUR LEIKARI - Fjósamaður, Ferðamaður, Gísli Súrsson

AXLAR-BJÖRN

ÞÓRDÍS

SÝSLUMAÐUR

PRESTUR

ÓLAFUR BÖÐULL /ORMUR Á KNERRI

ÁSA, SIGNÝ OG HELGA - söng- og dansmeyjar, almúgi

Alls 12 leikarar, 6 karlar og 6 konur

1. atriði - Einhversstaðar á víðavangi

ÁSA, SIGNÝ og HELGA

ÁSA

Hlýði menn á fræðin mín..

SIGNÝ *grípur fram í*

Kveða munum kvæðin fín?

ÁSA

Ljóðin eru góð..

HELGA *grípur fram í*

Rennur blóð

eftir slóð

dilla ég þér jóð

ÁSA

Hafið hljóð!

Segja munum sögu um mann

sem ótalin illvirki vann

Frá stórsyndum slæmum

vítaverðum dæmum

varðveiti oss sá er kann

SIGNÝ

Munu koma margir?

ÁSA

Koma munu gestirnir

SIGNÝ

prestirnir og þrestirnir

fylgja á eftir lestirnir

HELGA

Koma munu Skeggur og Skúti

og skoffínin úti

Grautur og Grúti

og meinhornið Marteinn Lúti

SIGNÝ

sem gleðina slæfir

og söngvana svæfir

og kátínu kæfir

ÁSA

Senn kemur að sunnan
sælleg Gunnan
Stekkur af stað nyrðra
stelpuglyðra
koma þau að vestan og austan..

SIGNÝ *grípur fram í*

Sjáðu þarna skaust 'ann
undan barði ofan í dalinn

ÁSA

Hver?

SIGNÝ

Það var smalinn

HELGA

heldur fast um malinn
talinn vera galinn
í einverunni alinn
á hjartanu kalinn

SIGNÝ

Er hann á leið á gleðina

ÁSA

Gleðina?

SIGNÝ

Já gleðina.

ÁSA

Ó gleðina!
Ekki veit ég það
en þei kæra frú
það er mín trú
að ekki var það þessi saga
sem á segja nú

HELGA

Sögusmetta rægirófa
hleypur út um alla móa
með flotmola í kjaftinum
stytuband í rassinum
skítinn á tánnum
og þegi þú!

SIGNÝ

Ég skal ekkert segja

ÁSA

Ekki orð

SIGNÝ

Eittsinn skal hver deyja

ALLAR

Morð

SIGNÝ

Lifur og lungu
brenndi ég mig á tungu

HELGA

Ekki vill hann dansinn stíga
heldur gengur hann til víga
halir undan exi hníga
morð

ALLAR

morð

morð

morð

Þær endurtaka orðið morð í sífellu, lækka róminn í hvísl, mega jafnvel bæta inn í slitrum úr þulunni. Þær draga sig út af sviðinu en hvíslíð heldur áfram fram í 2. atriði og hættir ekki fyrr en BÖÐULLINN fer út.

2. atriði - Laugarbrekka

BÖÐULL, ÞORGEIR, SUNNEVA, ÞORBJÖRG, AÐALGRÍMUR, ÁSA, SIGNÝ OG HELGA

Aftökustaðurinn að Laugarbrekku. Höggstokkurinn er miðsviðs, þar sem hann er mestallan leikinn. Böðulsöxin og exi BJARNAR er hin sama. Eldstæði. ÞORGEIR liggur uppvið höggstokkinn og sefur. Höfuð hans hvílir á grópinni í höggstokknum. Farangur hans liggur nálægt honum. Það er morgunn. Þoka eða dalalæða liggur yfir staðnum. BÖÐULL kemur gangandi út úr þokunni með exi sína. Raddir heyrast hvísla, ógreinilega svo varla heyrast orðaskil en greint verður stöku orð á stangli. BÖÐULL horfir fram nokkra stund. Hann hefur upp exina. ÞORGEIR sefur órólega. Um leið og öxin fellur byltir ÞORGEIR sér og snýr. Öxin lendir í höggstokkinn þar sem háls mannsins var áður og situr þar föst. BÖÐULL snýr við og gengur út. Nokkru seinna kemur SUNNEVA inn. Hún er gömul kona, vegmóð og beygð, og ber þungan þoka á bakinu. Hún gengur fram á höggstokkinn, bregður þegar hún sér hann og missir þokann. Hún krossar sig í flýti. Finnst ekki nóg að gert og skyrpir þrisvar. Hún sér ekki ÞORGEIR því hann liggur handan höggstokksins.

SUNNEVA tautar

Fjórtán naut urðu bráðdauð í Grímsnesinu, hafís umhverfis allt landið, eldgos í Heklu og Kötlu og landskjálftar á Suðurlandi. (þögn) Undarlegar sýnir í loftinu. Óvanalega leiftrandi stjarna, vígahnettir, einnig formyrkvan tungls. (hærra) Einn dag er fólk fór frá messu í Skálholti suður yfir Hvítá sáu menn undarlega skepnu sem kom upp úr ánni. Það var mikil kind um sig og á að sjá sem hún hefði selshöfuð, kynjastórt, en aftur eftir undarleg kryppa eða bægsel með tindum en sem flatbytna fyrir aftan. Sýndist hún skjöldótt og svo stór um sig sem hús. Hún dró sig fram eftir ánni og steptist svo í hana. Halda menn að sú ókind eigi heima í Hvítá og sjáist fyrir stórtíðindum. (þögn) Ójá. Öll stórtíðindi í þessu landi eru ótíðindi. (þögn) Við hverju er að búast hjá þjóð sem afneitar rétttri trú og góðum siðum og landið komið undir útlendar þjóðir. Þegar búrtikum er gefið nafn sællar Maríu og helgir krossar eru brotnir og brenndir. (hún fer inn á sig og dregur upp tréflís) Engu tókst að bjarga af krossinum helga í Kaldaðarnesi nema nokkrum flísum (kyssir flísina og signir sig. Setur flísina aftur inn á sig. Fer með vísu sér til hugarhægðar)

Allt skrif og ornament
er nú rífið og brennt
bílæti kristí brotin
blöð og líkneski rotin

Jón sæla biskup Arason hálsjuggu þeir eins og hvern annan ótíndan sakamann en svikabiskupinn Gissur var grafinn upp úr dys sinni og lagður í gröf í hinni helgu Skáholtskirkju. Ójá ójá. (þögn) Kirkjurnar og klaustrin rænd og dýrgripir páfans fluttir úr landi. Landið mun lengi gjalda þessara óhæfuverka. (þögn) Allt hafði annan róm áður í þáfadóm.

ÞORGEIR vaknaður

Ég freta á páfann. Og hann þarna.. þennan þýska líka.

SUNNEVA

Er hann þarna ódámurinn? Ég var að vona að hann hefði dottið í pytt og druknað.

ÞORGEIR

Gefðu mér að éta.

SUNNEVA

Það kemst ekki annað að en maginn. Honum væri nær að hugsa um sálina.

ÞORGEIR

Ég skít á sálina. Gefðu mér að éta.

SUNNEVA

Ég á ekkert.

ÞORGEIR

Kerlingar eins og þú luma alltaf á einhverju. En það er ekki fyrir andskotann sjálfan að ná því af þeim. Hvar er Þorbjörg?

SUNNEVA

Hvílík mæða að vera komin á húsgang á sínum efri árum.

ÞORGEIR

Haltu þér saman kerling. Hún hlýtur að hafa tekið matinn. (*þögn*) Aumt var það. Nokkrir þorskhausar á Rífi, það var allt og sumt. (*gramsar í poka sínum*) En einn þýðverskur skaut að mér brennivíni því útlendingar kunna að meta mína list þó Íslendingar geri það ekki. (*dregur upp flösku og stútar sig*)

SUNNEVA

Það mætti ætla að hann vildi halda sig frá stað eins og þessum.

ÞORGEIR

Hverjum dytti í hug að ég væri hér?

SUNNEVA

Einhver kynni að rekast hingað sem þekkir hann. Það eru fleiri umhlaupandi strákar en hann.

ÞORGEIR

Ég er listamaður. Ég ferðast svo fólk geti notið íþróttar minnar.

SUNNEVA

Mikið getur moldin rokið í logninu.

ÞORGEIR

Þú ættir að þakka mér. Af hverju hefðir þú viðurværi ef mín nyti ekki?

SUNNEVA

Ég þakka heilagri guðsmóður en ekki honum.

ÞORBJÖRG kemur inn. Byrði hennar er meiri en hinna tveggja. Hún fleygir henni frá sér og sest niður. ÞORGEIR gramsar í pokum hennar. Dregur upp þorshaus og hendir til SUNNEVU.

ÞORGEIR

Hana! Rífdú þetta fyrir mig. (*ber sér til hita*) Það eru í mér einhver ónot. Ég held að mig hafi dreynt illa. (*við Þorbjörgu*) Farðu og sæktu sprek og kveiktu eld.

ÞORBJÖRG lítur á hann í þreytulegri uppgjöf, stendur upp og fer út.

SUNNEVA byrjar að rífa hausinn

Rífdú fyrir mig kinn
 hjartasauðurinn minn
 gefðu mér úr henni
 innfiskinn, kinnfiskinn,
 bógfiskinn, bjöllufiskinn,
 krummafiskinn, kjálkafiskinn,
 öll roð og allar himnur
 og eigðu svo það sem eftir verður

ÞORGEIR tekur af henni hausinn og étur

Ég hef ekki fengið almennilega að éta síðan á Suðurnesjum. Snæfellingar eru nískir og illa menntir. Þeir tíma ekki að gefa leikurum að éta.

SUNNEVA

Ekki var það að mínum ráðum að við tókum okkur upp og fórum á þetta flakk.

ÞORGEIR

Enginn spurði þig ráða kerling.

SUNNEVA

Margt slæmt mátti segja um hann Tómas en ekki held ég að hún Þorbjörg mín sé sæl af skiptunum.

ÞORGEIR

Tómas var ræfill. Þeir sem ekki komast undan böðlinum eiga ekki skilið að lifa. Enda burtkallaðist hann í sælli pest sem drottinn þinn sendi.

SUNNEVA

Bölvaður sé á honum munnurinn. Hann á eftir að koma okkur í vandræði með guðlasti og stráksskap.

ÞORBJÖRG kemur inn með hrísknippi. Hun leggur það frá sér og hleður lítinn köst en gengur illa að kveikja í honum.

ÞORBJÖRG

Hjálpáðu mér mamma. Þetta er blautt.

SUNNEVA gengur til ÞORBJARGAR og fer með eldgaldur. Þegar honum er lokið skíðlogar í kestinum.

SUNNEVA

Tröll blása taðeld
Tyrkir í spónaeld
kristnir í viðareld
smiðir í kola' eld

Logaðu eldur logaðu vel
logaðu ef þú getur
enginn lofar þig eins og ég
eða hann Sánkti-Pétur

ÞORGEIR *hefur fylgst með*

Þú ert fordæða kerling.

SUNNEVA

Ýmislegt kann maður fyrir sér en aldrei hef ég farið með svartan galdur.

ÞORGEIR

Einhver mannsöfnuður hlýtur að verða hér í dag..

SUNNEVA

Og hvað á hann við með því? Var hann ekki að segja að Snæfellingar væru illa menntir og nískir og skildu ekki list.

ÞORGEIR

Prúðbúnir og vel nestaðir. Kannski með nokkrar kringlóttar í fórum sínum. Sólg्नir í skemmtun. Böðullinn lýkur sínu verki skjótt og hvað eiga þeir þá að gera? Kemur þar að Þorgeir leikari og flokkur hans og býðst til að skemmta þeim með víðfrægum listum sínum.

SUNNEVA

Er hann að ganga af göflunum?

ÞORGEIR

Tilvalið að slá dans og ganga til leika. Eitthvað gætum við uppskorið skárna en þennan harða þorskhaus.

ÞORGEIR hendir hausnum í átt til SUNNEVU en hún forðar sér undan.

ÞORBJÖRG

Ekki er það alvara þín að vera hérna í dag?

ÞORGEIR

Því ekki það?

ÞORBJÖRG

Parftu að spyrja?

ÞORGEIR

Hversvegna er enginn kominn? Nú kalla ég.

ÞORBJÖRG

Gerðu það ekki. Það gæti komist upp um okkur.

ÞORGEIR

Hver spyr um hvaðan leikarar koma eða hverjir þeir eru? Enginn hefur áhuga á því. Mennt spyrja hvort leikarinn kunni eitthvað fyrir sér. Er hann fimur? Syngur hann vel? Er hann fagur á að líta? Enginn spyr hann að nafni. Hvar er trumban?

ÞORBJÖRG

Gerðu það fyrir mig vinur. Förum hédan. Förum áður en aðrir koma.

ÞORGEIR hefur dregið upp trumbu og önnur hávaðataeki, hugsanlega hrossabrest eða lúður. Hann geysist um sviðið með miklum látum og kallar.

ÞORGEIR

Heyrið! Heyrið! Heyrið öll! Leikararnir eru komnir! Leikararnir eru komnir! Víðfrægar listir, fornar og nýjar sögur! Leikir, söngur og dans! Heyrið! Heyrið! Leikararnir eru komnir!

BÖÐULL kemur inn. SUNNEVA signir sig. AÐALGRÍMUR kemur inn fljótlega á eftir BÖÐLINUM og fylgist með viðureign hans og ÞORGEIRS.

BÖÐULL

Hafið hljótt!

ÞORGEIR

Hver er maðurinn? Í hvers umboði skipar hann fyrir?

BÖÐULL

Ég er embættismaður hans konunglegu tignar. Ég hef lagt hönd á helga bók og svarið eið að því að þjóna mínum náðuga herra kónginum og hans umboðsmanni sýslumanninum.

ÞORGEIR

Er það svo?

BÖÐULL

Ég hef lofað að þjóna þeim í þann máta að strýkja og marka og ekki þyrma þeim sakamönnum sem sig í hans sýslu til refsinga sig forbrotið hafa með allri trú og dyggð og hollustu þegar þeir til kalla og skal ég ekki um hlaupast. Og sé mér guð hollur sem ég segi satt en gramur ef ég lýg. (*þögn*) Þetta er enginn staður til að fara með fíflskaparmál. Burt með ykkur.

ÞORGEIR við Þorbjörgu og Sunnevu

Böðulstuskan ætlar að reka okkur burt.

BÖÐULL

Ég hef heyrt að leikarar séu þjófóttir og oftast menn staðfestulausir. Einnig það að þeir séu lygnir enda er leikur þeirra allur lygi og hætti þeir því að sjá mun þess sanna og þess logna. Í dag á ég að höggva mann sem er frændi minn og það skiptir mig litlu þó ég sveifli keyrinu yfir þér í leiðinni.

AÐALGRÍMUR

Vel mælist þér böðull og ertu augljóslega sómi þinnar stéttar. En vertu ekki of harður í dómum þínum um leikarana. Þetta eru lítilsigld grey og gera ekki flugu mein. Það er óþarfi að strýkja þessa ræfla, þeir geta oft ekki að því gert hvernig þeir eru. Þeir þykjast meiri menn en þeir eru og ef einhver hefur skemmtun af því er það þá ekki öllum að meinalausu?

BÖÐULL

Ég hef heyrt að þeir séu handbendi djöfulsins.

AÐALGRÍMUR

Það er lygasaga sem þeir hafa sjálfir breitt út til að einhver taki mark á þeim. En sannleikurinn er sá að lítil hætta stafar af trúðslátum þeirra. Öðrumáli gegnir um galdramenn. Þeir geta verið stórvarasamir. Viljirðu sjá galdur þá get ég..

BÖÐULL *signir sig*

Ég vil ekkert sjá.

AÐALGRÍMUR

Örlítið meinlaust töfrabragð

AÐALGRÍMUR dregur gullpening úr nefi böðulsins og réttir honum,

AÐALGRÍMUR

Sjáðu til. Þennan pening hlýtur þú að eiga. Farðu nú og sinntu erindum kóngsins.

BÖÐULLINN fer, hálfskelkaður.

ÞORBJÖRG

Þetta var laglegt bragð. En hversvegna varstu að gefa böðulsskepnunni pening?

AÐALGRÍMUR *sýnir pening*

Ekki tók hann peninginn með sér. Vonandi eru viðbrögð hans skjótari þegar hann á að krassa höfuðið af mönnum. Hvaða verk á hann að vinna?

ÞORGEIR

Hér á að taka af Manndrápa-Björn á Öxl, þann er myrti níu menn og konur, sumir segja átján. En ekki vildi hann meðkenna að hafa drepið fleiri en níu. En þekkir þú ekki almælt tíðindi.

AÐALGRÍMUR

Ég kom í nótt með ensku skipi og hef ekkert spurt.

ÞORGEIR

Hvaðan er maðurinn og hvað heitir hann?

AÐALGRÍMUR

Aðalgrímur heiti ég, leikari og skáld. Ég er frá Vestmannaeyjum.

ÞORGEIR

Ertu sjálfur leikari? Þorgeir heiti ég, leikari og listamaður. Þetta er flokkur minn, Þorbjörg Þórhallsdóttir og móðir hennar, Sunneva Sigurðardóttir. Við erum af Suðurnesjum. (*þögn*) Við vorum hér fyrst.

AÐALGRÍMUR

Ekki dreg ég rétt þinn í efa og mun ég því halda mér til hlés. En gaman þætti mér að fá að fylgjast með flokki þínum. Hvaða listir kunnið þið?

ÞORGEIR

Við getum sungið og leikið fyrir dansi. Sunneva kann góð skil á rímum og annari sagnaskemmtun og Þorbjörg getur brugðið sér í allra kvikinda líki. Sjálfur leik ég á flautu og strengleik og svo er ég kattliðugur og kann ýmsar listir og brögð.

ÞORGEIR gengur undir alinmál og og fer í gegnum sig (sjá þjs. J.Á. - Íslenskar skemmtanir). Konurnar skaka strokk á meðan, fara handahlaup og kollhnísa, jafnvel fastar saman.

AÐALGRÍMUR *klappar*

Glæsilegt! Glæsilegt!

ÞORGEIR tekur upp pyttlu sína og býður AÐALGRÍMI.

ÞORBJÖRG

En hefur maðurinn ekki lært einhverjar nýjar listir í útlöndum?

AÐALGRÍMUR tekur logandi sprek úr eldinum og jugglar með þau. Hann fær sér sopa úr pyttlunni og blæs eldi. Slekkur síðan í sprekinu með því að stinga því upp í sig.

ÞORBJÖRG

Þetta var skemmtileg list. En er hún ekki hættuleg.

AÐALGRÍMUR

Ekki ef maður fer varlega og gætir þess að anda ekki að sér.

ÞORGEIR tekur við pyttlunni

Dýrt yrði það í brennivíni ef ætti að leika þetta oft.

AÐALGRÍMUR

Í útlöndum er brennivínið ódýrara.

ÞORBJÖRG

Segðu okkur hvað á daga þína hefur drifið.

AÐALGRÍMUR

Ég sigldi ungur með enskum mér til forfrömunar. Á Englandi kynntist ég leiklistinni og síðan hef ég verið þjónn Þalíu. Ég var í vist í Leikhúsinu í Lundúnum en meistari minn, Jakob hafði byggt það. Hjá honum var ég í tuttugu ár.

ÞORGEIR

Hvaða list er það sem þú kallar leiklist?

AÐALGRÍMUR

Þegar leikararnir segja sögu.

ÞORGEIR

En það er alvanalegt að leikari segi sögu, hvort sem það er í lausu máli eða bundnu.

AÐALGRÍMUR

Þeir segja söguna með því að leika atburðina. Þeir tala saman eins og ég og þú. Umhverfið, hvort sem það er skógur eða salarkynni, er málað á veggina.

ÞORGEIR

Á veggina?

AÐALGRÍMUR

Það er leikið í húsum. Húsum sem eru stærri en nokkur kirkja á Íslandi. Leikhúsið rúmar tvöþúsund menn, það er hringlaga en á því er ekkert þak svo dagsbirtunnar njóti þegar leikið er. Leikið er á upphækkuðum palli svo allir sjái en bakvið hann eru vistarverur leikaranna þar sem þeir geyma búninga sína og skipta um þegar þeir koma fram í gervi nýrrar persónu. Sitthvorumegin við pallinn eru steindar súlur og yfir blámálað tjald með gylltum stjörnum

ÞORGEIR

Ja, mikið lýgurðu.

SUNNEVA

Hvaða sögur eru sagðar?

AÐALGRÍMUR

Fornar sögur enskar eru oft leiknar eða þá gleðileikir til að skemmta lýðnum.

SUNNEVA

Og hvað er sagt.

AÐALGRÍMUR

Textann semja skáld og þarf leikarinn að læra tilsvör sín og látbragð. Sjálfur hef ég samið leikrit upp úr Amlóðasögu Harðvendilssonar. (*hann dregur handrit upp úr tösku sinni*)

ÞORGEIR

Amlóðasögu heimska?

AÐALGRÍMUR

Ég er að leita að leikurum sem vilja hafa félag við mig um að leika leikritið.

ÞORBJÖRG

Hver var þessi Amlóði?

SUNNEVA

Hann var danskur prins.

ÞORGEIR

Lítinn áhuga hef ég á því kóngaslekti öllu. Hví skyldum við Íslendingar mæra Danakonunga.

AÐALGRÍMUR

Fengir, föðurbróðir Amlóða, myrti konunginn, föður hans, og gekk að eiga móður hans. Til að bjarga lífi sínu þóttist Amlóði vera fífl og fábjáni hinn mesti. Hann bjó í eldaskála, tálgaði spýtur og spillti mat manna með saur og hlandi.

ÞORGEIR

Ertu að gera hetju úr fíflum sem ekki leitar hefnda eftir föður sinn? Nær væri að þú semdir leik um Gunnar á Hlíðarenda, mestu hetju sem uppi hefur verið. Hann var íþróttamaður hinn besti og fagur að sjá

ÞORBJÖRG

En ekki vildi hún Hallgerður hárið ljá.

SUNNEVA

Leyfðu okkur að heyra eitthvað úr þessu leikriti þínu.

AÐALGRÍMUR

Fús er ég til þess. (*hann tekur enska lútu upp úr tösku sinni*)

ÞORGEIR

Þetta er fallegur strengleikur.

SUNNEVA

Eitthvað annað en fiðlugarmurinn hans.

ÞORGEIR

Þegiðu kerling.

AÐALGRÍMUR *slær strengina. Syngur*

Í Danaveld' er ofar drottins ilmi
daunn svo megn sem landið væri rotið
því búið hefur bana mildum hilmi
bróðurhönd svo lánið danskra er þrotið

Með svikum hefur Fengir fellt sinn bróður
og frú hans hrygga tekið frillutaki
kvalinn reikar ganga kóngsson óður
í hvarfi njósnamenn að tjaldabaki

Tötrum klæðist kastar fínu líni
klæmist um með sköll og apalæti
Eins og dári drukkinn mjög af víni
dansar eins og fífl um torg og stræti

Keisar'eða kóngi - fíflíð engum lýtur
Amlóð(i) í öskustónni tálgar spýtur

ÞORBJÖRG

Þetta var skemmtilegt. Og listilega var leikið.

SUNNEVA

Já. Vel var ort en bragarhátturinn var skritinn.

AÐALGRÍMUR

Þetta er sá bragarháttur sem nú er í tísku í Englandi (*þögn*) Væru fleiri karlar í flokki þínum Þorgeir myndi ég biðja þig að gera félag við mig.

ÞORBJÖRG

Karlar?

AÐALGRÍMUR

Í Englandi tíðkast ekki að konur leiki. Karlar eða piltar leika öll kvenhlutverk.

ÞORBJÖRG

Á Íslandi hafa konur gengið í öll karlmannsverk. Hví skyldu þær ekki geta leikið konur?

AÐALGRÍMUR

Gott og vel! Viljið þið flytja með mér leikrit mitt?

ÞORGEIR

Ekki held ég það. Við viljum heldur gera eins og við erum vön

SUNNEVA

Hann kann ekki að lesa ódámurinn.

ÞORGEIR *reiður*

Bölvaður sé sá dagur þegar ég lét undan henni Þorbjörgu og leyfði að þú kæmir með.

AÐALGRÍMUR

Bíðið við. Til er önnur leið til að gera sjónleik.

ÞORBJÖRG

Hver er hún?

AÐALGRÍMUR

Umreisandi leikflokkar frá Ítalíu hafa þann háttinn á að þeir elta ákveðinn söguþráð í grímuleikjum sínum en hver og einn verður að leggja til tilsvörin fyrir sína persónu. Þannig gætum við einnig gert. Þá gætum við bæði nýtt kunnáttu mína og kunnáttu ykkar.

ÞORGEIR

En okkur vantar bæði sögu og sögupersónur.

AÐALGRÍMUR

Maður líttu þér nær. Varstu ekki að segja að hér ætti að hálshöggva Manndrápa-Björn, þann sem myrti níu eða átján menn. Getur nokkuð stórfenglegra söguefni?

ÞORBJÖRG

Þannig má hafa tvöfalda skemmtun hérna í dag. Fyrst, að heyra sögu Axlar-Bjarnar og síðan að verða vitni að sögulokunum.

SUNNEVA *við Þorbjörgu*

Ekki líst mér á þetta. Nógu bölvað er lífið þó ekki sé hermt eftir því.

ÞORBJÖRG

Láttu ekki svona mamma. Við verðum að tileinka okkur hina nýju list. Við megum ekki verða eftirbátar hinna útlendu leikara.

SUNNEVA

Ekki hafa kynni þín við leikara og list þeirra fært þér neitt annað en armæðu og mér þá ekki heldur að vera komin á húsgang á gamals aldri og mega eiga von á því að verða hýdd fyrir flakk.

ÞORBJÖRG *horfir á Aðalgrím*

Sjáðu hve falleg fötin hans eru. Það er auðséð að þau eru dýr. Hann er líkast til höfðingi. Það er lán að hann vill binda trúss sitt við okkur.

SUNNEVA

Fagnaðu ekki of fljótt. Enn er dagur ekki að kvöldi kominn og böðullinn er nærri.

AÐALGRÍMUR

Þorgeir leikari. Viltu gera félag við mig um þennan leik

ÞORGEIR

Ekki sé ég að neitt mæli á móti því. Ef til vill verða Snæfellingar ekki eins fastir á fé sitt ef þeim er boðið upp á eitthvað nýmæli.

AÐALGREÍMUR

Kallaðu þá til það fólk sem á að verða vitni að sjónleik okkar. Sparaðu ekki trommu þína og rödd.

ÞORGEIR *þenur trommu sína*

Heyrið! Heyrið! Heyrið rödd mína! Komið og sjáið hinn stórkostlega sjónleik um Manndrápa-Björn á Öxl sem myrti átján menn, konur og börn! Komið og hlýðið á sögu okkar! Söngur, dans og listir sem aldrei fyrr hafa sést á Íslandi! Komið og sjáið þegar böðullinn sneiðir af höfuð morðingjans! Komið og sjáið! Farið í búrið og veljið bestu bitana! Komið með smjör og skyr, brauð og öl, því leikarar eru svangir og þyrstir! Komið og sjáið! Komið og sjáið!

AÐALGRÍMUR

Komdu nú Þorgeir! Göngum afsíðis og ráðum ráðum okkar um gang leiksins. Tökum til þá hluti sem við hyggjumst nota, klæði, grímur og farfa. Andlit leikarans er eins og léreft og á það málur hann þær kenndir sem hrærast með persónu hans.

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *í hlutverki áhorfenda tínast inn á sviðið. Syngja.*

Í búninginn fer leikarinn - það líkar mér
Nú vil ég taka mér nýjan mann
sem nógar listir veit og kann
en gengur hægt um gleðinnar dyr og gáir að sér

Á sig málar andlitsgrímu
ást og hatur kvöl og fró
Dregur lipurt skugg og skímu
skömm og stolt í æð og ró
huggar slær í gæluglímu
getur allt og ekkert kann
Nú vil ég taka mér nýjan mann
Sorg og gleði vit og vímu
veröld leikur dátt með mér
Gakktu hægt um gleðinnar dyr og gáðu að þér

Birtu myrkur nauð og næði
naumt og mikið teikna lét
hita kulda hungur fæði
heilsu sjúkdóm hló og grét
fjarlægt komið frið og bræði
frjálst og stolið hrygð og gann
Nú hef ég tekið mér nýjan mann
Sannleik lygi sálma kvæði
svart á hvítu þar og hér
Gakktu hægt um gleðinnar dyr og gáðu að þér

Upp hefur teiknað á sig maska
elskhuga böðuls öðlings fól
Drætti huglauss dygð þess vaska
drenglynds manns og hörkutóls
Himinn jörðin eldur aska
æpa hlæja týna fann -
 Nú vil ég taka mér nýjan mann
Faðmlag rothögg laga laska
launin vosbúð refsing smér
 Gakktu hægt um gleðinnar dyr og gáðu að þér

3. atriði - Húsanes

**SUNNEVA, ÞORBJÖRG, ÞORGEIR, BJÖRN,
BÖÐULL/ORMUR, ÞÓRDÍS, ÁSA, SIGNÝ, HELGA**

Sviðið er kotið Húsanes, bær foreldra BJARNAR. ÞORGEIR leikur FÖÐUR BJARNAR en ÞORBJÖRG MÓÐUR hans. MÓÐIRIN er ólétt. SUNNEVA leikur KERLINGU. Þau eru að gera slátur.

SUNNEVA til áhorfenda

Í lágreistu húsi býr litfríð kona
Hún er með barni - bíður, vonar -
en að henni sækja illir straumar
óræðir draumar sem angur færa
Konur eru kenjaskepnur
er kemur að burði en ekki í þetta sinn
því konuna hrjáir hungur óseðjandi
og þorsti í það sem ei má tala um
Þei - ég segi ekki meir..
Ég vil ekki að þið vaðið villu og reyk
velkomin og verið hljóð -

MÓÐIR

Blóð! Blóð!

SUNNEVA til áhorfenda

- við hefjum leik

MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Allt þetta blóð. Allt þetta blóð

FAÐIR/ÞORGEIR

Við höfum nóg til vetrarins
Féð heimtist vel af fjalli
mestallt tvílembt og jafnvel þrílembt
Og barn í húsi boðar gæfu

KERLING/SUNNEVA

Váboðar!
Land skelfur
og ein ógnvænleg kómeta
sker sundur kvöldroðann
Kýr bar kálfi með tvö höfuð
menn eru slegnir kaunum
vegna synda sinna
og upp er komin stóra bóla
Unginn sá ætti aldrei að fæðast
því heimurinn er enginn staður fyrir börn

FAÐIR/ÞORGEIR

Við erum blessuð af barnaláni
og á okkar efri árum
eigum við horn að vera í
og eld til að orna okkur við

MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Hrædd er ég um að hann verði óskapaskepna
og ekki líkur neinum öðrum mönnum
Parna!
sparkaði hann aftur
Það er eins og hvert högg sé fullt af heift
og ætlun þess að ganga af mér dauðri
Hann verður óskapaskepna
og ekki líkur neinum

FAÐIR/ÞORGEIR

Þú ættir að hvílast
það er ekkert að
Tvö börn hefurðu alið
heilbrigð og hraust
þú gætir haldið áfram endalaust

MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Ég vil ei sofa þá get ég ekki varist
á vökunni er betra þá ég get barist
vær í svefni kem ég engum vörnum við
vitið missi, brestur afl - þeir birtast mér við hlið

ÁSA, SIGNÝ og HELGA koma inn með grýlgrímur og dansa í kringum MÓÐUR.

MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Að mér sækja alskyns árar
undarlegir fólkskufjárar
Hvísla að mér kynjasögum
kátir dansa með þungum slögum
Þeir rugla allt mitt vit og ráð
uns rænu missi og alla dáð

*AÐALGRÍMUR kemur inn, hyrndur og brennur eldur úr nösum hans. Fyrirmynd:
Þingálp.*

MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Síðast kemur höfuðpaurinn hyrndur eins og geit
sá er þeirra ljótastur ég engan verri veit
sveiflar löngum hala með klaufir eins og kálfur

KERLING/SUNNEVA

Kölski! Heilög María! Það er Satan sjálfur

Ég vil blóð. Blóðið rautt
MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Nóg er slátrið
FAÐIR/ÞORGEIR

Ekki þetta. Það er dautt
MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Hvað áttu við, kona?
FAÐIR/ÞORGEIR

Lifandi blóð úr opinni æð..
MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Talaðu ekki svona
FAÐIR/ÞORGEIR

..að mér sækir löngun svo skæð
MÓÐIR/ÞORBJÖRG

En kona góð!
FAÐIR/ÞORGEIR

Vektu þér blóð!
MÓÐIR/ÞORBJÖRG
Það rauða blóð sem í þér rennur
mun svala þorsta þeim sem í mér brennur

FAÐIR/ÞORGEIR
Ekki skil ég kenjar þínar kona
en vegna þess ég unni þér
vil ég gera bón þína
(tekur hníf og sker í fót sinn)
svona..

MÓÐIR/ÞORBJÖRG sýgur blóð úr fæti hans af áfergju.

MÓÐIR/ÞORBJÖRG
Það svarar mér um sinn
en þó er eins og ekkert fái slökkt þorsta minn

MÓÐIR/ÞORBJÖRG gengur að fati fullu af blóði. Hún drekkur það úr lófa sínum og makar því framan í sig. Hún lætur fallast á gólfíð og KERLINGIN hleypur til hennar. Ungmeyjarnar, ÁSA, SIGNÝ og HELGA taka ofan grímur og ásamt ÞÓRDÍSI slá þær hring um MÓÐUR/ÞORBJÖRGU og syngja og dansa.

ÁSA, SIGNÝ, HELGA og ÞÓRDÍS *syngja*
 Í lágum bæ þar vaknar von
 að vænkist bænda hagar
 Elskhuginn blíður
 Í heiminn hefur alið son
 og hann er íðilfagar
 Enginn var svo fríður
 Ég vil bera börnin hans
 og koma þeim til manns

SUNNEVA lyftir reifastranga upp úr danshringnum. Hinn stolti FAÐIR kemur og skoðar barnið.

FAÐIR/ÞORGEIR *syngur*
 Fátt er í ranni fátæks manns
 fjársjóðurinn börnin
 ALLIR
 Elskhuginn blíður
 FAÐIR/ÞORGEIR *syngur*
 Af afli kemur heiti hans
 hraustur eins og björninn
 ALLIR
 Enginn var svo fríður
 Ég vil bera börnin hans
 og koma þeim til manns

BÖÐULLINN kemur inn með BJÖRN bundinn. Hann leysir BJÖRN.

ÞÓRDÍS *syngur*
 Viltu stíga við mig dans
 vinur elskulegi
 ALLIR
 Elskhuginn blíður
 ÞÓRDÍS
 Binda skal þér blómakrans
 er birta fer af degi
 ALLAR
 Enginn var svo fríður
 Ég vil bera börnin hans
 og koma þeim til manns

BJÖRN hleypur að þar sem ungmeyjarnar dansa og eyðileggur leik þeirra með hrekkjum, slögum og spörkum. Þær hlaupa undan honum grátandi. BÖÐULLINN tekur af sér böðulshettuna og verður að ORMI Á KNERRI.

SUNNEVA *til áhorfenda*
 Almælt var í sveitinni að enginn væri verri
 en óðalsbóndinn ríki - Ormur á Knerri

ORMUR

Hann er tápmikill og eirir engu
 minnir á mig þegar ég var drengur
 alltaf tilbúinn að eyðileggja ómerkilegar sælustundir
 og fánýt fagnaðarlæti lítilsiglds fólks
 Gleðilæti falla hetjum ekki í geð
 Það er réttur hins sterka að traðka á þeim veika
 Bóndi sæll!
 Ég veit að efni þín eru ekki mikil
 og að létt yrði af þér þungu fargi
 ef uppfóstraði ég eitt af þínum börnum
 Veldu nú!
 Hverju þeirra á ég að veita skjól og vörn?

MÓÐIR/ÞORBJÖRG

Taktu Björn!

FAÐIR/ÞORGEIR

Ef einhver getur agað hann
 í einhverju lagað hann
 breytt því sem er bjagað nú
 best getur því hagað..

ORMUR

Jú!

Víst eru margir kostir verri
 vist skal hann fá á Knerri

4. atriði - Knerrir

**ORMUR, BJÖRN, ÞÓRDÍS, AÐALGRÍMUR, ÞORGEIR, SUNNEVA,
ÞORBJÖRG, ÁSA, SIGNÝ og HELGA.**

ORMUR kemur að Knerrri og BJÖRN með honum.

ORMUR

Hér er Björn Pétursson frá Húsanesi
hann hef ég tekið í fóstur
vegna fátæktar foreldra hans

ÞÓRDÍS

Fríður er hann og karlmannlegur
Hver sem fengi hann væri fullsæmd
Húsbóndinn - fóstri hans - mun án efa
gera vel við hann þegar hann giftist

ORMUR

En margt þarf að vinna
Við skulum ekki eyða tíma í ónytjuhjal
og vil ég biðja þig, fjósamaður,
að taka að þér sveininn og kenna honum til verka

Allir fara nema BJÖRN og FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Kanntu að lyfta nauti Björn litli?

BJÖRN

Það getur enginn

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Finnbogi rammi lyfti bekk með tylft manna

BJÖRN

En nautið berst um
og verst öllum tókum

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Það er létt þegar maður kann
Eins er með öll verk
þau virðast flókin þeim fákunnandi
en auðveld þeim sem viti sínu veit

BJÖRN

Hvernig á að lyfta nauti?

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Fyrst lyftirðu kálfi

BJÖRN

Kálfi?

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Á hverjum degi
Og kálfurinn vex..

BJÖRN

Og fullvaxinn kálfur er naut

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Skýr ertu og skilningur þinn góður
okkur mun verða vel til vana

BJÖRN

Kanntu einhver önnur fræði?

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Hár enn harðgreipi
Hrólfur skjótandi
ættgóðir menn
er ekki flýja
Vekkat yður að víni
né að vífs rúnum
heldr vek eg yður að hörðum
Hildar leiki

BJÖRN

Vel er kveðið
Hefur þú ort vísuna?

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Vísuna kvað Þormóður Kolbrúnarskald
mest skáld og hetja er uppi hefur verið
er hann vakti konungsmenn
að morgni dags þess er Stiklastaðarorrusta var háð
Í þá tíð kvöddu konungar menn til vopna
en afvopnuðu þá eigi sem nú
Vígímir menn gátu margt sér til sóma unnið

BJÖRN

Ég vil verða hetja
og vega mann og annan

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Áttu vopn Björn litli

BJÖRN

Ekki er svo og ekki líkar mér
að þú kallir mig lítinn

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Ef til vill áttu eftir að vinna þau verk
er fært gætu þér frægð

BJÖRN

Eitthvað mun ég vinna mér til frægðar
en mig syfjar nú og mun ég því ganga til rekkju

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

En það er miður dagur og messutíminn nálgast

BJÖRN

Ekki hirði ég um það
Lítillar hetjulundar vænti ég
af júðskum smiði frá Galíleu
krossnelgdum á spýtu

BJÖRN kemur inn í baðstofuna og lætur fallast á rúm. ÞÓRDÍS gengur til hans

ÞÓRDÍS

Á ég ekki að taka í þig Björn minn
Ekki sefurðu kappklæddur

BJÖRN ansar engu en leyfir henni að draga af sér skó og föt

ÞÓRDÍS

Líst þér vel á mig Björn?

BJÖRN

Vekkat yðr að víni
né að vífs rúnum..

ÞÓRDÍS

Hefurðu aldrei kennt konu?

BJÖRN

Ekki hef ég nennu til afmorsleikja

ÞÓRDÍS stingur höndinni inn í brækur Bjarnar

Vel ertu vaxinn niður drengur
en engu svarar hrókur þinn
þegar á hann er ljóðað
Rennur ekki í þér blóðið?

BJÖRN

Það vantar blóð í ljóðið

BJÖRN leggst útaf og sofnar. ÁSA, SIGNÝ og HELGA koma inn. Þær syngja og dansa með ÞÓRDÍSI.

ÁSA, SIGNÝ, HELGA syngja

Að stöðva lax í strangri á
og stikla á hörðu grjóti
eins er að binda ást við þá
sem enga leggja á móti

Heitt ef elskar meýja mann
í meinum þráir unnustann
þá ástin hundsar boð og bann
en biður þess að hljóti
Illt er að leggja ást við þann
sem enga kann á móti

ÞÓRDÍS syngur

Fyrsta sinn er sá ég hann
sæl og ótt í brjóstið rann
í sál minn'engan frið ég fann
sem fley í ölduróti

ALLAR

Illt er að leggja ást við þann
sem enga kann á móti

ÁSA, SIGNÝ, HELGA syngja

Ef kona bindur ást við mann
og enga fróun veitir hann
mun loginn sem í brjósti brann
brenna svo illt af hljóti
Illt er að leggja ást við þann
sem enga kann á móti

Dansinn tryllist. ÞORGEIR, ÞORBJÖRG og SUNNEVA koma inn með leikdýr sín (grýlur, Háu-Þóru, þingálp o.þ.h.) og ólmast með þau (Þjs. J.Á. og Ó.D. - Íslenskar skemmtanir og vikivakar). BJÖRN sefur illa og byltir sér. Hann vaknar og sest upp. FJÓSAMADUR/ AÐALGRÍMUR kemur inn.

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Eftir orrustuna var Þormóður allmjög sár
Gekk hann þá til hlöðu
þar sem læknir græddi sár manna
Kom þá þar að bóndi einn og sagði hann
að von væri að konunginum hefði lítt gengið í bardaganum
því lið það er honum fylgdi væri allt þröttlaust
Þormóður spyr hann hvort honum þyki lítið sár hans

Bóndi svarar að þá væri betur að þau væru bæði mörg og stór
 Snýr hann svo á brott og hjó þá Þormóður af honum báða þjóhnappana
 “Styn þú eigi nú”, kvað Þormóður
 En bóndi þreif um rassinn og skrækti
 en Þormóður kvað hann þróttlausan
 að hann brækti sem geit blæsma
 og veinaði sem meri með vöðvaskeinu litla
 (hlær)
 Því hlærðu ekki Björn?

BJÖRN

Mér er sjaldan hlátur í hug

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Segja mun ég söguna um það þegar
 Þorgeir fóstbróðir Þormóðs hékk í hvönninni

BJÖRN

Áðan dreymdi mig undarlegan draum

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Hvað dreymdi þig?

BJÖRN

Drauma tvo dreymdi mig

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Segðu mér drauma þína

BJÖRN

Geturðu ráðið þá?

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Vel má það vera

BJÖRN

Mig dreymdi að til mín kæmi ókunnur maður

DRAUMMAÐUR/ÞORGEIR

Far þú á morgun svo enginn viti upp á Axlarhyrnu
 Þar muntu sjá tvo einkennilega steina nokkuð stóra
 Lyftu upp minna steininum lítið eitt og það sem þú finnur
 norðan undir honum skaltu eiga og nota vel
 Fylgir því sú náttúra að þú munt verða nafnkunnur maður

Á meðan á draumlýsingunni stendur gengur BJÖRN að höggstokknum og losar öxina úr honum.

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Allbiturlegt er vopnið

BJÖRN

Þegar ég tók það upp kom í mig vígahugur

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Segðu mér hinn drauminn

DRAUMMAÐUR/ÞORGEIR leggur disk með kjötbitum fyrir BJÖRN og hverfur svo.

BJÖRN

Draummaður bar fyrir mig disk
með heitu kjöti og bauð mér að eta
Fyrsti kjötbitinn..

SUNNEVA

Nei
geymum hann
því hinir fyrstu verða síðastir
og hinir síðustu fyrstir

BJÖRN

Annar bitinn var feitur og safaríkur
Þegar ég hafði kyngt honum
langaði mig strax í annan

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Ég er úr Húnavatnssýslu
Húsbóndi minn sendi mig til róðra á Snæfellsnesi
Ég er fiskinn vel og talsvert hef ég nurlað saman

BJÖRN

Þriðji bitinn var frekar rýr
en bragðaðist þó ekki illa

VINNUKONA/ÞORBJÖRG

Ég er vinnukona
og hafði fengið vist á utanverðu Nesinu
Fátt á ég fémmætt
en klæði mín eru allsæmileg..

BJÖRN

Fjórði bitinn var ólseigur en ég át hann samt
Þó kjötið væri vont var saðning í honum
og ekki á að láta mat fara til spillis

FÖRUKONA/SUNNEVA

Ég er förukona
 Hvert ég fer og hvaðan ég kem skiptir minnstu
 Kannski sá ég eitthvað sem ég átti ekki að sjá..

BJÖRN

Sá fimmti var hið mesta ljúfmeti

SENDIMAÐUR/ÞORGEIR

Ég er húskarl biskupsins í Skálholti
 sendur með bréf til lögmansins á Arnarstapa
 Tvo hesta hef ég til reiðar
 og farareyri góðan..

SUNNEVA til áhorfenda

Góður búmaður var Björn

*ALLIR syngja og dansa. Á meðan dansinn er sungin vegur BJÖRN dansaranna
 hvern af öðrum en þeir standa upp jafnharðan og ganga aftur í dansinn.*

ALLIR syngja

Upp hann gekk á Axlartinda
 upp að sækja vopn til vinda
 víst hann lét það vel sér lynda
 var að ráði draumamanns
 Stígum krappan dans
 Enginn þurfti um að binda
 axarsárin morðingjans
 Hver vill eiga náttstað undir exi hans?

Nam hann fljótur lesti ljóta
 lævís njótur manndrápsblóta
 lærði skjótur (þá) list að brjóta
 lögmál bæði guðs og manns
 Stígum dauðadans
 Hann mun hljóta heimferð þrjóta
 hauslaus fer í árafans
 Hver vill eiga náttstað undir exi hans?

5. atriði - Laugarbrekka

SÝSLUMAÐUR, BÖÐULL, AÐALGRÍMUR, ÞORGEIR, ÞORBJÖRG, SUNNEVA

Þingstaðurinn á Laugarbrekku. SÝSLUMAÐURINN kemur inn þegar síðasta erindi er að ljúka ásamt BÖÐLINUM. BÖÐULLINN bindur BJÖRN.

SÝSLUMAÐUR

Hættið! Hættið! Hvaða apaskapur er þetta? Hver hefur leyft ykkur að vera með fíflskaparmál á þingstaðnum?

AÐALGRÍMUR

Við erum leikarar sem freista þess að færa sögu Manndrápa-Bjarnar í leikbúning fólkinu til upplýsingar og upplyftingar.

SÝSLUMAÐUR

Svo þér finnst nauðsyn á að upplýsa sauðsvartan almúgann?

AÐALGRÍMUR

Sjaldan er meiri nauðsyn á að mennta hann en nú og hef ég þar fyrir mér orð Marteins Lúters sem fór fyrir siðbótarmönnum. Hann segir..

SÝSLUMAÐUR

Já. Ég veit hver Lúter er og hvað hann sagði en óvanur er ég því að ræða fræði hans við trúða og leikara. Hver ert þú?

AÐALGRÍMUR

Aðalgrímur Ísleifsson heiti ég og er úr Vestmannaeyjum.

SÝSLUMAÐUR

Vestmannaeyingar eru viðsjálgripir. Þeir höndla við Englendinga í trássi við kóngsins bann og virða engar reglur um samneyti við útlendinga. Oft hefur mér dottið í hug að átakaminnst væri til að koma á skikk í eyjunum að fara að dæmi Ingólfs Arnarsonar þegar hann ruddi Vestmannaeyjar.

AÐALGRÍMUR

Einhver þarf að draga þann fisk sem spriklar allt í kringum eyjarnar.

SÝSLUMAÐUR *staupar sig*

Nóg um það. Leikur um Axlar-Björn segirðu. Hefur þú í hyggju að spilla réttarhaldi mínu?

AÐALGRÍMUR

Þvert á móti. Von mín er sú að leikurinn geti varpað nýju ljósi á málið og hjálpað sýslumanninum við að upplýsa það. Með hjálp okkar listamannana er hægt að gægjast inn í sál þessa ógæfumanns.

SÝSLUMAÐUR

Ertu viss um að hann hafi einhverja sál? Og ef svo væri hver væri þá tilgangurinn.

AÐALGRÍMUR

Einhverjar málsbætur kann hann að hafa.

SÝSLUMAÐUR

Málsbætur eða málsbætur ekki! Hausinn skal af.

BÖÐULL

Varaðu þig á honum. Hann er göldróttur.

SÝSLUMAÐUR

Hvaða bull er þetta böðull?

BÖÐULL

Hann dró pening úr nefinu á mér og gaf mér. En þegar ég gætti að honum seinna kom í ljós að það var galdrapeningur því hann var horfinn.

SÝSLUMAÐUR

Úr nefinu á þér?

BÖÐULL

Úr nefinu á mér. Guð er til vitnis um það.

SÝSLUMAÐUR

Betur væri komið fyrir þessu landi ef böðlar þess snýttu gulli.

AÐALGRÍMUR

Þetta er einfalt bragð. (*dregur pening úr nefi Böðuls*) Höndin er fljótari en augað. En ekki vil ég svíkja böðul þinn sýslumaður og er best að hann haldi peningnum.

BÖÐULL

Burt með hann. Ég vil ekki sjá hann.

ÞORGEIR

Böðulsskepnan er að skíta í buxurnar af hræðslu.

BÖÐULL

Farðu til helvítis.

ÞORGEIR

Ég ferðast aldrei til slíkra staða. Mér geðjast ekki að útlöndum.

SÝSLUMAÐUR

Hver ert þú?

Það kemur á ÞORGEIR

ÞORBJÖRG við Sunnevu

Nú er hann búinn að koma sér í klandur.

SUNNEVA

Hann er vanur að leita uppi vandræði. Heimska þessa manns ríður ekki við einteyming.

ÞORGEIR

E.. e.. Án.. Án heiti ég, trumbuslagari.

SÝSLUMAÐUR

Ert þú líka leikari.

ÞORGEIR

Einungis þegar tómstund gefst annars er ég í vinnumennsku. Ég er á leið til bónda norður í landi ásamt konu minni og móður hennar.

SÝSLUMAÐUR

Allmikinn krók leggurðu á þig.

ÞORGEIR

Það var vegna þess að ég frétti af aftökunni. Ég vildi ekki fyrir nokkurn mun missa af því að sjá þegar þessi aumi syndari fengi makleg málagjöld. Fardagarnir eru ekki..

SÝSLUMAÐUR

Eitthvað rámar mig í að leikari hafi komið við sögu í máli á Alþingi fyrir nokkrum árum. Honum var gefinn kostur á tylftareíði og tækist honum það ekki átti að hýða hann og merkja.

ÞORGEIR

Það er ekkert mark á mér. Og aldrei hef ég verið hýddur.

BÖÐULL

Það má bæta úr því. Hann hefur strokið til að komast hjá refsingu.

SÝSLUMAÐUR

Lengi hefur verið ágangur af leikurum og trúðum þar sem fólk safnast saman, við kirkjur og kaupstefnur, en hingað til hafa þeir haft sig hæga á þingum.

AÐALGRÍMUR

Það er ógæfa okkar leikaranna að hér eru hvorki borgir né bæir þar sem er nægur mannfjöldi til að halda úti leikhúsi.

SÝSLUMAÐUR

Ekki veit ég hvaða samleið þú átt með þessu hyski. Klæði þín eru betri en þeirra og þú talar eins og menntaður maður en vöndurinn fer ekki í manngreinarálit.

AÐALGRÍMUR

Ekki dæmirðu leikinn óséðan. Þú getur flengt ef þér líkar hann ekki.

SÝSLUMAÐUR

Ég verð reyndar að viðurkenna að lúmskt gaman hef ég af skrípalátum leikara. Kannski er eitthvað til í því Aðalgrímur að leikur ykkar geti í einhverju upplýst þetta mál.

AÐALGRÍMUR

Það er von okkar að svo verði.

BÖÐULL

Á þá ekki að flengja?

SÝSLUMAÐUR

Hér verður ekki flengt fyrr en ég segi til. (*bendir á Björn*) Leystu nú böndin af manningum.

SÝSLUMAÐUR og BÖÐULL ganga til BJÖRNS og BÖÐULLINN leysir hann. AÐALGRÍMUR dregur ÞORGEIR afsíðis.

AÐALGRÍMUR

Hvers vegna laugstu til nafns Þorgeir? Hvað hefurðu að fela?

ÞORGEIR

Góðum leikara verður ekki skotaskuld að sannfæra ellefu menn um sakleysi sitt. Hafðu engar áhyggjur, ég er laus allra mála. En hinsvegar vildi ég ekki að það kæmist í há máli hver ég væri.

SÝSLUMAÐUR

Ætlið þið ekki að hefja leikinn?

ÞORBJÖRG *gengur til sýslumanns*

Verið ekki óþolinmóður sýslumaður. Það sem er gott er þess virði að eftir því sé beðið.

SÝSLUMAÐUR

Hvað heitir þú hnátan?

ÞORBJÖRG

Ég er bara hún Tobba litla.

SÝSLUMAÐUR

Ekki ertu svo ýkja lítil, ekki allsstaðar. Kannski viltu finna mig seinna í tjaldi mínu og snæða með mér steik?

ÞORBJÖRG

Þér eruð alltof góður við konuskepnu eins og mig herra sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Gæskunni má veita á báða bóga.

AÐALGRÍMUR við Þorgeir

Sparaðu svo furðudýrin.

ÞORGEIR

Mér fannst ótækt að nota þau ekki fyrst ekki verður farið í leiki. Fólk þekkir þau og hefur gaman að þeim. Við verðum að gera það sem fólkið vill.

AÐALGRÍMUR

Fólkið! Fólkið hefur ekki hugmynd um hvað það vill. Fyrst og fremst verðum við að vera trúir okkar list og þeirri sögu sem við erum að segja.

SÝSLUMAÐUR

Leikarar! Látið mig ei bíða
lengi því mín biðlund er á þrotum
Látið sagnafákinn fljúga víða
um fjarlæg mið í leit að sögubrotum
Lát hann bergja vel af ljóðsins lind
og lausum brotum raða í heila mynd

6. atriði - Knerrir

BJÖRN, AÐALGRÍMUR, ÞÓRDÍS, ALLIR aðrir í brúðkaupssenu

Í fjósinu á Knerrri. BJÖRN og FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

BJÖRN

Átján bita át ég
og þótti lostæti
en við hinn nítjándi varð mér óglatt
og illt og hætti við svo búið
(þögn)
Hvernig ræður þú draum minn fjósamaður?

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Undarlegur er draumurinn og torráðinn

BJÖRN

Ekki trúi ég því
að þú getir ekki ráðið hann

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Viltu lofa mér því að reiðast ekki
líki þér ekki hvernig ég ræð drauminn

BJÖRN

Óhætt er að lofa því

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Okkur hefur alltaf verið vel til vana
en ekki veit ég hvort sú vinátta heldur
þegar þú hefur heyrt mál mitt

BJÖRN

Talaðu mannskratti!

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Áður en ég ræð draum þinn
vil ég að við blöndum blóði okkar
og sverjumst í fóstbræðralag
Með því móti máttu ekkert
á móti mér gera ef þér mislíkar

BJÖRN

Það gildir mig einu
þó ég opni mér æð

BJÖRN tekur öxina og blóðgar þá báða. Þeir blanda blóði.

BJÖRN

Hvað merkir draumurinn?

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Þú hefur etið mannakjöt Björn
Hver biti er líf sem þú munt taka
Átján sinnum muntu verða mannsbani
en í níjtjándá sinn mistekst þér
og upp kemst um morðverk þín

BJÖRN

Ekki líkar mér hvernig þú ræður drauminn

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Mundu nú að við erum fóstbræður

BJÖRN

Eigi ég að drepa átján menn
ætla ég það best að þú verðir fyrstur

BJÖRN reiðir öxina yfir FJÓSAMANNI/AÐALGRÍMI

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

Svíkur þú mig Björn?
Lítill sæmd er þér að því
að vega vopnlausan mann..

BJÖRN

Gísli Súrsson vó sofandi mann..

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

.. og sá sem hefur enga sæmd

BJÖRN vegur FJÓSAMANN/AÐALGRÍM með exinni.

BJÖRN

.. og var hann þó hetja.

FJÓSAMADUR/AÐALGRÍMUR

.. verður aldrei hetja

BJÖRN dregur líkið afsíðis og felur það.

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *syngja*

Stígum krappan dans

Enginn þurfti um að binda

axarsárin morðingjans

Hver vill eiga náttstað undir exi hans?

BJÖRN gengur til baðstofu og sest á rúmið. ÞÓRDÍS byrjar að draga af honum fötin.

ÞÓRDÍS

Hví er blóð á klæðum þínum Björn?

BJÖRN

Ég hef slátrað kálfi

ÞÓRDÍS

Hvar er fjósamaður?
Hví kom hann ekki með þér?

BJÖRN

Mér leiddist baul hans
og nú er hann að eilífu þagnaður

BJÖRN þrífur í ÞÓRDÍSI og dregur hana upp í rúmið til sín. Þau elskast.

ALLIR koma inn. Það er brúðkaupsveisla.

ALLIR

Heiðurs vífið hreppi sóma
hér með allan lífsins blóma
gefi Kristur gæfu frá vana
og geymi þín frá vana
Hér er gott að dansa
undir Kristó elsku blóma
og englaskara verndarvæng
Hvað er að sjá er blóð í sæng?

Blóðug sængin er sýnd öllum viðstöddum sem fagna því vel.

PRESTUR

Consummatum est.

ORMUR Á KNERRI

Þú hefur staðfest ráð þitt Björn
og gengið að eiga ágæta konu
Ég vil gera vel við þig
Jörð á ég þar sem heitir að Öxl
og hana vil ég gefa þér

BJÖRN

Það er höfðingleg gjöf fóstri

ORMUR

Einn galli er þó á gjöfinni og hún er sú
að hvergi sést í jökulinn úr Axlarlandi

BJÖRN

Litlu máli skiptir þó ljósið verði minna
lítil týra dagar til verka´ er ég mun vinna

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *leika sér*

Við skulum fara upp á land
fyrir utan ey
og telja vorar meyjur
svo leynilega, það skaðar ei

ÁSA

Burtu er hún Þórdís Ólafsdóttir
fyrir utan ey

ÁSA, SIGNÝ og HELGA

svo leynilega, það skaðar ei

SIGNÝ

Hún má ekki ganga
nema á gullspöngum

HELGA

Hún má ekki sofa
nema á svanadúni

ÁSA

Hún má ekki drekka
nema það vínið væri
sem sjálfur riddarinn bæri

SIGNÝ

Silki eru hennar sokkabönd
sjálfur skal hann þau leysa

HELGA

Í kvöld skal hann kyssa hana
aldrei skal hann missa hana

ÁSA, SIGNÝ og HELGA

Vel, vel, viti menn
vel skal hann hennar njóta

BÖÐULL

Hér ríður Björn Pétursson
með unga brúði sína
en ég tölti á eftir
með exina mína

7. atriði - Öxl

SUNNEVA, ÞÓRDÍS, BJÖRN, ÞORGEIR

Baðstofan á Öxl. SUNNEVA er ein á sviðinu í hlutverki gamallar, blindrar KERLINGAR. Hún signir sig, skyrpir þrisvar og signir sig aftur.

KERLING/SUNNEVA

Farðu! Burt! Burt!
Bindi þig þrenning heilög
bindi þig allt hvað læst og bundið er
sértu með bölván bundinn
bind ég þig með þessari bænheyring
blessuð þrenning
bæði þá og hér og nú
Signi ég mig með öflugri signing
í krafti Jesú þínu
nú, héðan af og að eilífu
Amen

ÞÓRDÍS *kemur inn.*

Sækir illa að þér?

KERLING/SUNNEVA

Ha?

ÞÓRDÍS *hærra.*

Sækir illa að þér?

KERLING/SUNNEVA

Eitthvað óhreint er á sveimi
Áðan leið um baðstofuna
einhver bláleit móða
fyrst þrjá hringi rangsælis
þá þrjá hringi réttisælis
og hvarf síðan niður í gólfið

ÞÓRDÍS

En ekki sérðu neitt

KERLING/SUNNEVA

Ekki þarf ég augu til að sjá það
sem er ekki af þessum heimi

ÞÓRDÍS

Hvað sástu?

KERLING/SUNNEVA

Fyrirboða - válegar fréttir
 fylgju - hvílik ókind þá
 fallinn engil - illan anda
 Óvinurinn er allsstaðar
 og ekkert gott mun þetta boða

BJÖRN *kemur inn*

Árar, draugar, illar vættir
 álfar, þúkar, nornir, tröll,
 svartálfar, hrímþursar, bergrisar..
 Það þarf slyngan smalamann
 til að halda saman öllum þeim fénaði
 sem hrærist í hugskoti einnar kerlingar

KERLING/SUNNEVA

Ha?

ÞÓRDÍS

Láttu hana vera
 hún er elliaer
 Nú skal ég sækja mat fyrir þig
 (*fer og sækir mat fyrir Björn*)

KERLING/SUNNEVA *tautar*

Eins og bláleit móða
 sem hvarf svo niður í gólfíð
 Signi ég mig með öflugri signing
 í krafti Jesú þínu
 nú, héðan af og að eilífu
 Amen

ÞÓRDÍS réttir BIRNI mat hans. Hún reynir að snerta hann og láta vel að honum en hann ýtir henni frá sér.

ÞÓRDÍS

Er ég þér til skapraunar Björn?

BJÖRN

Nei. Ekki er það..

ÞÓRDÍS

Hversvegna forðastu mig?

BJÖRN

Ég forðast þig ekki

ÞÓRDÍS

En þú snertir mig aldrei

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *hvísla lágt og ógreinilega*
Morð, morð, morð..

BJÖRN

Það er í mér einhver óeirð
einhver ólga í blóðinu
sem eggjar mig til átaka
en ég fæ ekki fróun
í neinu sem ég aðhefst
Hvort sem það er konulíkami
hvíld á mjúkum beði eða
dýrar krásir og drykkur góður
Ekkert veitir mér unað
en allur loga ég af löngun
Ekkert verk er aðkallandi
en samt fæ ég engan frið

ÞÓRDÍS

Elskarðu mig ekki?

BJÖRN

Engu ann ég meira en þér

ÞÓRDÍS

Leyfðu mér þá að láta vel að þér
faðma þig og færa úr vosklæðunum
leggstu hjá mér ljúflingur og þreyttu
við mig ástarleik uns dagur rennur
Ekkert jafnast á við unað þann
og afmorslistir gleðja konu' og mann

Þau láta vel hvort að öðru en allt í einu ýtir BJÖRN ÞÓRDÍSI frá sér.

BJÖRN

Nei
ég get það ei
(þögn)
Inni í höfði mér hljóma raddir
Þær hvísla, þær hvísla, þær hvísla
en ekki greini ég orðaskil
Dag og nótt hvísla þær - hvíldarlaust -
þær unna mér einskis friðar
en hvað segja þær?
hvað segja þær?

Raddirnar þagna. Löng þögn.

VERMAÐUR/ÞORGEIR *utansviðs*

Týnt hef ég hnífi
troðið hef ég skó
hallast ég á hestinum
en hang í söðli þó

(kallar)

Hér sé guð!

BJÖRN

Guð blessi þig!

Hver er þar?

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Það er strákur úr Húnavatnssýslu

BJÖRN

Komdu inn

VERMAÐUR/ÞORGEIR kemur inn.

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Sælt veri blessað fólkið!

BJÖRN

Komdu sæll!

Hvert er ferð þinni heitið

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Ég er á leið í verið fyrir húsbónda minn

ÞÓRDÍS færir gestinum eitthvað matar eða drykkjarkyns

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Guðlaun!

BJÖRN

Hvaða tíðindi segirðu að norðan?

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Fátt er þaðan að fréttu

BJÖRN

Hvernig hefur tíðin verið?

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Afleit tíð og ískuldi
 Flækingar víða orðið úti
 nautpeningur dottið niður dauður
 og hundar hafa einnig fallið
 Sagt er að enskur rakki hafi borið sótt til landsins

BJÖRN

Það var og
 Ekki höfum við orðið varir við þessa pest

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Lofið guð fyrir það
 En má ekki bjóða þér að dreypa á brennivíni
 svo í litlu ég geti goldið fyrir greiðann

Þeir drekka saman, gesturinn mikið en BJÖRN að sama skapi lítið. Gesturinn verður fljótt hýr.

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Ójá
 Dýrafellir og manna
 Ungmenni hlaupa í aðrar sveitir
 og vilja ekki hafa vist eða vinna
 Margir ganga svangir um sveitirnar
 eru gripnir og sendir aftur í sinn hrepp
 Verst mun það vera suður á Nesjum
 hvar urmull er af uppflosnuðu lausafólki
 Já, svipull er sjávarafli
 Einn drakk frá barni sínu úr brjóstum konu
 og fékk að kenna á keyrinu á þingi

ÞÓRDÍS

Fyrir það eitt að sjúga konu sína?

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Hann hafði einnig selt og samþykki til gefið
 að hún drýgði hór með öðrum manni
 Einnig töldu menn hann óráðvandann
 og ekki alveg laus var hann við hvinnsku
 Höggin urðu tólf og heitt járn milli augna

ÞÓRDÍS

En konan? Hvað varð um hana?

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Hvern varðar um eina konuskepnu?
 Hún komst undan vendinum að sagt er
 Enginn veit um hana og eljarinn slapp líka

ÞÓRDÍS

Þú ert fróður og margt hefur þú fregnað
segðu meir, segðu meir..

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Veikt er holdið og vont það að stilla
Nú hafa herrarnir uppvakið Stóradóm
sektir, húðlát og hálshöggning
fyrir hórdóm, sífjaspell og frillulífi
Þeir ríku borga hinir orga
Guð gefi hestum höfðingjanna langa lífdaga
því annars leggja þeir hnakkinn á okkur
(*Hlær og drekkur*)
Það var ekki seinna vænna
að prestar föstnuðu sér fylgikonur
og hórsynir þeirra yrðu arfgengir
áður en vöndurinn fór að klóra á þeim kroppinn
Nú barna biskupar ekki hverja sem er
en eiga að halda sig við eina kerlingu
og leyfist ekki að riðlast á öllu sem hreyfist

8. atriði - Laugarbrekka

PRESTUR, SÝSLUMAÐUR, AÐALGRÍMUR, ÞORBJÖRG, ÞORGEIR

PRESTUR

Stans! Stans! Það er hverjum heilvita manni skiljanlegt að hégómlegir gleðileikir eru hvorki justum, bonum, honestum né decorum heldur guði óþóknanlegir og þar fyrir lætur það leikurum betur að dansa á þeim breiða vegi heldur en þeim þrönga. En að þeir skuli með óviðurkvæmilegu orðbragði veitast að kirkjunnar þjónum það gengur út yfir allan þjófabálk.

SÝSLUMAÐUR

Mæl þú manna heilastur. Og ekki líkar mér að gert sé lítið úr yfirvaldspersónum.

AÐALGRÍMUR

Síst vil ég, fáfróður leikari, reyna að uppfærða svo skynsama og menntaða menn sem prestinn og sýslumanninn en þó verð ég að fara nokkrum orðum um eðli slíkra gleðileikja yfirvaldinu til upplýsingar. Þegar leikari talar er það í raun ekki hann sem talar heldur sú persóna sem hann leikur. Því er ekki við leikarann að sakast heldur persónuna. Ég er sammála því að afstaða persónunnar til yfirvalds og kirkju er forkastanleg enda mun hún hljóta makleg málagjöld.

SÝSLUMAÐUR

Þetta var ekki óskynsamlega mælt.

PRESTUR

Þessi ósómi er heiðinglegur og vondur jafnvel fyrir ósnotran almúga. En hversu miklu framar þá fyrir síviliseraðar og lærðar yfirvaldspersónur og er það undarlegt þær skuli hafa gaman af svoddan heimskulegum ólátum og láta þá hégómlegu fýsn augnanna blinda svo sína skynsemi

SÝSLUMAÐUR

Nokkuð gaman má hafa af þessu.

PRESTUR

Í synodaliu sinni hefur biskup mælt til þess að prestar fyrirbjóði hestapiing, vökunætur og smalabúsreiðar á helgum dögum því dans spil og annar apaskapur er ætíð synd í sjálfu sér en á helgum dögum tvöföld synd.

SÝSLUMAÐUR

Ekki er helgur dagur núna.

AÐALGRÍMUR

Leikur okkar er skáldskapur, orðsins list, og á ekkert skylt við það heiðinglega athæfi sem herra presturinn hefur svo skilmerkilega lýst.

PRESTUR

Ég hef ekki orðið vitni að öðru en skrípakvæðum og skrípalátum með hávaðahlátri, forneskju, sköllum og skimpi. Ég krefst þess sýslumaður að þér fyrirbjóðið þessa skemmtun.

ÞORBJÖRG

Nægir ekki að persónunni sé refsað?

SÝSLUMAÐUR

Hver á refsingin að vera?

ÞORBJÖRG

Nú högg. Nægir það?

SÝSLUMAÐUR

Það er vel við hæfi.

ÞORBJÖRG

Viljið þér telja högginn herra sýslumaður?

SÝSLUMAÐUR

Það er mér sönn ánægja mín fagra.

ÞORBJÖRG

Þar sem persónan er ekki til en leikarinn hefur ekkert til saka unnið mun ég flengja hann með fjöður svo alls réttlætis sé gætt.

ÞORGEIR leggst á grúfu og bregður brók en ÞORBJÖRG flengir hann með fjöður en SÝSLUMAÐUR telur högginn, hátt og snjallt

ÞORBJÖRG *syngur undir sálmalagi*
 Heimur er guðs í hendi
 og himinsins ríki er nær
 Sjá nú hve illan endi
 andskoti þessi fær

9. atriði - Öxl

BJÖRN, ÞÓRDÍS, ÞORGEIR, SUNNEVA

Í baðstofunni á Öxl. BJÖRN og ÞÓRDÍS standa afsíðis.

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *hvísla lágt og ógreinilega*

Morð, morð, morð..

BJÖRN

Raddirnar..

ÞÓRDÍS

Raddirnar?

BJÖRN

Raddirnar suða enn í eyrum mínum
í blóði mínu
eins og þær séu hluti af sjálfum mér

ÞÓRDÍS

Hvað segja þær?

BJÖRN

Ég get ekki greint það
Þær muldra ógreinilega óskiljanlega
allar nema ein
Allar nema ein

ÞÓRDÍS

Hvað segir hún?

BJÖRN

Hún sker í gegn svo skýr og styrk
og karlmannlega kveður mig til vopna

ÞÓRDÍS

Hver er það?

BJÖRN

Það er garpurinn Gísli Súrsson

GÍSLI/AÐALGRÍMUR

Vegðu þennan mann, Björn,
og vertu hetja!

ÞÓRDÍS

Hvað segir hann?

BJÖRN

Vegðu þennan mann
og vertu hetja!

ÞÓRDÍS

Góð eru klæði hans
og hestur á hlaðinu
Skyldi hann eiga fleira fémætt?

GÍSLI/AÐALGRÍMUR

Vegðu þennan mann!

BJÖRN

Ég heyri!
Ég heyri!
Ég heyri

ÞÓRDÍS

Við skulum fara að með gát

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Skál!
Skál fyrir Guðrúnu Ólafsdóttur

ÞÓRDÍS

Hver er hún?

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Heitkona mín

ÞÓRDÍS

Ertu svo fjáður að þú getir gifst?

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Ekki er ég alveg á flæðiskeri staddur
Eftir þessa vertíð, ef vel fiskast,
á ég fyrir koti sem ég hef augastað á

ÞÓRDÍS

Vonandi er fé þitt vel geymt

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Það er á vísunum stað

VERMAÐUR/ÞORGEIR ber höndina ósjálfrátt að þeim stað þar sem hann hefur falið fé sitt. BJÖRN og ÞÓRDÍS taka eftir því og senda hvort öðru þýðingarmikið augnaráð.

ÞÓRDÍS við Kerlingu

Skemmtu okkur nú með sögum eða gátum

KERLING/SUNNEVA

Fuglinn flaug fjaðralaus
settist á vegginn beinlaus
þá kom maður handalaus
og skaut fuglinn bogalaus

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Þessa gátu þekkja allir
það er snjókornið og vindurinn

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *hvísla lágt og ógreinilega*

Morð, morð, morð..

GÍSLI/AÐALGRÍMUR

Vegðu þennan mann!

*Meðan KERLINGIN segir sögu sína vinna BJÖRN og ÞÓRDÍS á VERMANNI.
ÞÓRDÍS bregður snæri eða klút utan um hálsinn á honum aftan frá og heldur honum
á meðan BJÖRN vinnur á honum með exinni.*

KERLING/SUNNEVA

Einusinni voru þrír menn sem ætluðu að róa til fiskjar
Sá fyrsti var handalaus, annar var blindur og sá þriðji var fótalaus
Sá handalaus segir: Ég ræ bátnum
Sá blindi segir: Ég gái til veðurs
Sá fótalaus segir: Ég veð úti og ýti frá landi
Og svo lögðu þeir til hafs
Sá handalausi kastaði út færinu
Sá blindi sagði: Ég sé hann, hann er á
En sá fótalaus spyrnti í þóftu og dró hann upp
Síðan réri sá handalausi að landi
Þeir ætluðu að elda fiskinn og fóru í hús
sem hafði ekkert gólf og engar dyr og engan glugga og ekkert þak
Sá handalausi bankaði og sá sem ekki var heima
stakk út hausnum og spurði: Hvað viljið þið?
Fiskimennirnir þrír báðu um pott
og sá sem ekki var heima sótti botnlausan pott fullan af vatni
Þá kom enginn án augna og handa og fóta
og tók fiskinn og stakk af með hann

VERMAÐUR/ÞORGEIR

Hjálp!
Morð!

BJÖRN slær VERMANN banahögg.

KERLING/SUNNEVA

Hvað var þetta?

ÞÓRDÍS

Gestinum varð fótaskortur á gólfinu
 Leggstu nú og hvíldu lúin bein
 á morgun kemur nýr dagur

KERLING/SUNNEVA

Það kemur aldrei aftur dagur
 Nóttin er löng, nöpur og dimm
 eins og ljóð eftir lélegt skáld.
(hún leggst útaf)

BJÖRN *tekur utanum Þórdísi*

Nú get ég það!
 Nú get ég það aftur!

ÞÓRDÍS

Hvar leynum við líkinu Björn?

BJÖRN

Ég ek því í Illutjörn

*Þau elskast****HLÉ***

10. atriði - Laugarbrekka

***ÁSA, SIGNÝ, HELGA, SÝSLUMAÐUR, ÞORBJÖRG, AÐALGRÍMUR,
ÞORGEIR, SUNNEVA, PRESTUR***

ÁSA, SIGNÝ og HELGA
Við ljúfan ilm úr lyngi
á Laugarbrekkupingi
er stjórnvitringur slyngi
að snæða miðdagsverð
Sú gamla geit vill leita
gratt á konu heita
Því vill hann henni veita
vel með réttamergð

SÝSLUMAÐUR snæðir með ÞORBJÖRGU. Á meðan á máltíðinni stendur stingur hún undan mat. Hinir LEIKARANIR standa á lengdar og leika á hljóðfæri undir borðum.

SÝSLUMAÐUR

Borða þú nú eins og þú getur í þig látið gæskan. Ekki mega spillast þínar ávölu línur. Ég hef alltaf sagt að íslenskt kvenfólk væri það fallegasta í heimi ef það væri ekki svona andskoti horað og ræfilslegt.

ÞORBJÖRG

Guð mun launa herra sýslumanninum fyrir gæsku hans við fátæka konuskepnu.

SÝSLUMAÐUR hellir í glas fyrir hana

Drekktu! Verum glöð meðan færi gefst. Gleymum öllum skyldum um stund og gleðjumst.

ÞORBJÖRG

Brátt fellur dómurinn og síðan exin. Vald þitt er mikið sýslumaður - yfir lífi og dauða..

SÝSLUMAÐUR

Það er ekki létt að vera yfirvald í þessu landi. Það er ekki gaman að þurfa að hengja einhverja aumingja fyrir að stela sér til matar. Samkvæmt fornum lögum var það hvinnska og engin refsing kom fyrir það en nú er það hýðing eða henging.

ÞORBJÖRG

Guð hjálpi því ólánsfólki öllu.

SÝSLUMAÐUR

Ekki nóg með það að það þurfi að typta þjófa heldur þarf líka að hirta alla þá sem ekki geta hamið á sér kroppinn. Hvernig er með þig Tobba litla, ertu siðsöm stúlka?

ÞORBJÖRG

Auðvitað herra sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Ekki þó um of er það?

ÞORBJÖRG flissar.

Sýslumaður..!

SÝSLUMAÐUR

Varla fer mikið fyrir siðavendni í leikarastétt. Eitthvað rámar mig í að bóndi á Suðurnesjum lánaði leikara konu sína fyrir nokkrum árum. Sú saga var grunsamlega lík sögunni sem leikarinn sagði áðan. Kannast þú við hana?

ÞORBJÖRG

Ekki þekki ég þá sögu og ekki eru allir leikarar lausir á kostunum.

SÝSLUMAÐUR

Verra þætti mér ef vöndurinn klóraði þína viðkvæmu húð.

ÞORBJÖRG

Ég er heiðvirð ekkja og hef aldrei komist í kast við lögin.

SÝSLUMAÐUR

Á! Ertu ekkja? Er Án þá ekki maðurinn þinn?

ÞORBJÖRG

Án hans hef ég komist hingað til.

Þau hlæja.

ÞORGEIR

Bölvuð gæran. Að sjá hvernig hún daðrar við karlandskotann.

SUNNEVA

Það er meira milli eyrnanna á henni en sumum. Til að komast vel út úr þessum málum þarf kænsku en ekki flónsku.

SÝSLUMAÐUR

Það er synd að svo fögur kona þurfi að liggja úti í nótt. Tjald mitt er þér til reiðu ef þú vilt.

ÞORBJÖRG

Herra sýslumaðurinn er alltof góður við fávísa konukind. Enn eru til sannir riddarar á Íslandi.

SÝSLUMAÐUR

Til einskis gagns er riddaramennska í öðru eins skítalandi og þessu. Hvað þá menntir og fagrar listir. Ég skal segja þér það að ég er maður upplýsingarinnar. Ég elska alla list. Ég verð að segja það ykkur til hróss að sjaldan hef ég séð betri leik á Íslandi en nú.

ÞORBJÖRG

Við reynum að leika eins og nú tíðkast í útlöndum. Aðalgrímur er nýkomin frá Englandi.. (*þagnar*)

SÝSLUMAÐUR

Frá Englandi? Með duggu eða kaupfari? Fjárans Englendingar, sitja um að versla við Íslendinga í trássi við kóngsins bann. (*stendur upp*) Ég verð að yfirheyra hann.

ÞORBJÖRG

Taktu ekkert mark á fleipri í fávísri konu. Sestu niður og drekktu með mér.

SÝSLUMAÐUR *kallar*

Þú þarna! Leikari! Komdu hingað!

AÐALGRÍMUR

Er sýslumaðurinn að tala við mig?

SÝSLUMAÐUR

Já. Komdu hingað strákur.

AÐALGRÍMUR gengur til þeirra

AÐALGRÍMUR

Líkar sýslumanninum ekki tónlistin?

SÝSLUMAÐUR

Ertu að koma af Englandi?

AÐALGRÍMUR

Þar hef ég dvalið í tuttugu ár.

SÝSLUMAÐUR

Og hvað hefurðu verið að sýsla?

AÐALGRÍMUR

Ég sigldi þangað ungur mér til forfrömunar. Ég hef verið að nema leiklist í ensku leikhúsi. Einnig hef ég skrifað leikrit um Amlóða prins á Jótlandi að hætti þeirrar tísku að breyta fornum sögum í sjónleiki.

SÝSLUMAÐUR

Hefur skrifað leikrit já! Það er merkilegt. Ég var að segja henni Tobbu hérna að mér finnst leikur ykkar hin ágætasta skemmtun.

AÐALGRÍMUR

Ég þakka sýslumanninum hrósið. Vitaskuld hleypur leikurinn út undan sér vegna aga- og kunnáttuleysis leikaranna og einnig vegna þess að ekkert er handritið.

SÝSLUMAÐUR

Sestu hérna hjá okkur og fáðu þér glas af víni. Og hvað hefurðu hugsað þér að gera við þetta leikrit þitt.

AÐALGRÍMUR

Ég er að leita að leikurum og einhverjum auðugum manni sem vill kosta uppfærslu leiksins. Það er alvanalegt að sá háttur sé hafður á í Englandi. Þar tíðkast að aðalsmenn haldi úti leikflokki.

SÝSLUMAÐUR

Lítil búmennska þætti það á Íslandi að gefa leikurum á garðinn.

AÐALGRÍMUR

Ég treysti á menn eins og yður sýslumaður. Auðuga, menntaða og upplýsta menn.

SÝSLUMAÐUR

Víst eru hér nokkrir auðugir og upplýstir menn. En það er langur vegur frá því að þeir séu nógu margir til að þeir geti staðið undir leikhúsi. Hvar hefurðu hugsað þér að sýna leiki þína, nú þegar ekki má lengur leika í kirkjunum?

AÐALGRÍMUR

Í Englandi eru farandleikflokkar sem ferðast um með vagna sem hægt er að breyta í leikpall. Þeir ferðast á milli bæja og markaða og sýna leiki þar sem fólk safnast saman.

SÝSLUMAÐUR

En hér á landi eru ekki einusinni vegir fyrir slíka vagna.

AÐALGRÍMUR

Ekki enn. En þeir tímar munu koma að lagðir verða vegir um allt landið. Hús verða byggð úr steini sem hýsa leiklist og sönglist og upp verða dregnar fegurstu myndir eða þær höggnaðar í stein.

SÝSLUMAÐUR

He he! Þú er ágætur kallinn!

AÐALGRÍMUR

Það væri mikill heiður fyrir mig ef sýslumaðurinn vildi lesa leikrit mitt.

SÝSLUMAÐUR

Það get ég gert en ég lofa engu.

Á meðan á samræðum AÐALGRÍMS og SÝSLUMANNNS stendur færa PORGEIR og SUNNEVA sig nær. AÐALGRÍMUR tekur handritið upp úr tösku sinni og réttir SÝSLUMANNI.

SUNNEVA

Amlóði ólst upp við hirð Fengis og var hann öllum mönnum ólíkur um hegðan og hinn ljótasti að limaburðum, lit og lundafari. Hann hafðist við í eldaskála og var svo gráðugur að hann hætti aldrei áti fyrir en hann stóð á blístri og ef eldabuskur mótmæltu

jós hann yfir þær eldi og heitu soði. Andlit hans og líkami var ataður aur og saur og ef einhver vildi þrifa hann jós hann yfir sig skarni. Aldrei vann hann nokkurt verk annað en að tálga til trékróka. Væri hann spurður um hvað hann smíðaði svaraði hann því til að hann væri að gera brodda til föðurhefnda.

AÐALGRÍMUR

Gaman væri að sýna sýlumanninum örlítið brot af leiknum.

SÝSLUMAÐUR

Já gaman væri að því.

AÐALGRÍMUR *flettir í handriti*

Við skulum leika þáttinn þar sem Fengir konungur heldur mikið gestaboð og býður til þess öllum helstu höfðingjum landsins. Ef þú vildir leika konunginn, sýslumaður?

SÝSLUMAÐUR

Ég? Ég get ekki leikið.

ÞORBJÖRG

Gerðu það, sýslumaður. Fyrir hana Tobbu þína. Ég skal þá leika drottninguna.

SÝLUMAÐUR

Jæja þá. Ég get svo sem reynt.

AÐALGRÍMUR réttir SÝSLUMANNI handritið.

AÐALGRÍMUR

Þo.. Án getur leikið Amlóða en við Sunneva leikum hirðmenn og annað sem til fellur.

SÝSLUMAÐUR

Sækið Amlóða!

SUNNEVA

Amlóði úr eldaskála er færður
úr aur og saur í glæstan hallarsal
Hann illum látum lætur alveg ærður
sviftir brókum bröltir um með reiddan fal
Gleðistraumur fer um góðar konur
er þing sín hristir þokkafullur sonur

ÞORBJÖRG

Í æði sínu er hann líkur fífl
Ofraun stóra þoli ég og hryggist mjög

SÝSLUMAÐUR

Heill Amlóði! Eg vil drekka þér til. Skál!

SÝSLUMAÐUR drekkur úr bikar en réttir hann síðan ÞORGEIRI. ÞORGEIR tæmir bikarinn, múgur síðan í hann og réttir SÝSLUMANNI.

SÝSLUMAÐUR *reynir að þykjast reiður*
Drottinsvik! Þú smánar konung þinn?

SÝSLUMAÐUR *rýnir í handritið.*

AÐALGRÍMUR
Þú átt að bregða sverði, sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR
Ég er ekki með neitt sverð.

AÐALGRÍMUR
Hérna. Taktu mitt.

SÝSLUMAÐUR
Hversvegna ertu vopnaður?

AÐALGRÍMUR
Sverðið er verkfæri stéttar minnar. Í flestum gleðileikjum þarf leikarinn að nota sverð. Ef þú vildir vera svo vænn að halda áfram.

SÝSLUMAÐUR *bregður sverðinu en ÞORGEIR tekur það af honum og leikur sér að því.*

SÝSLUMAÐUR
Varðmenn! Handtakið dárann og drepið hann! (*Dettur út úr rullunni*) Þetta er alveg stórskemmtilegt.

AÐALGRÍMUR
Uss! Þú mátt aðeins segja það sem stendur í handritinu.

SÝSLUMAÐUR
Fyrirgefðu. (*Fer aftur í rulluna*) Varðmenn! Handtakið dárann og drepið hann!

ÞORGEIR *réttir SÝSLUMANNI sverðið með mikilli blíðu. AÐALGRÍMUR grípur hann.*

SUNNEVA
Mikil smán yrði af morðverki þessu

ÞORBJÖRG
Konungur minn! Þyrmdu lífi sonar míns!

SÝSLUMAÐUR

Engu vil ég neita þér mín fagra
 en eitthvað vil eg fá í sárabætur
 Fífl, skemmtu mér með skrítnum svörum þínum
 leysa máttu með því ljóta hausinn þinn
 Hvar tók þig sárast er faðir þinn dó?

ÞORGEIR

Er ég sá það tók mig sárast mitt í rassinn.

ÞORGEIR fer niður á hækjur sínar og gefur frá sér mikil prumphljóð en allir viðstaddir grípa fyrir vit sín. PRESTUR kemur inn. SÝSLUMAÐUR hlær.

PRESTUR

Ef sýslumaðurinn vildi eiga við mig orð..?

SÝSLUMAÐUR

Sérðu ekki að ég er upptekinn.

PRESTUR

Þér kjósið kannski fremur félagsskap leikarahyskis en kirkjunnar þjóna?

SÝSLUMAÐUR *klappar Þorbjörgu*

Ekki geturðu keppt við þá í fegurð prestur góður. En sestu nú niður og fáðu þér glas af víni.

PRESTUR

Ekki vil ég vín þitt sýslumaður enda er vínsins náttúra sú ein að hressa hinn gamla Adam svo hann þreytist ei né uppgefist fyr en mælir syndanna er uppfylltur.

SÝSLUMAÐUR

Talaðu ekki illa um vínið prestur góður. Kristur breytti vatni í vín.

PRESTUR

Erindi mitt sýslumaður er að spyrja þig hve lengi þú ætlir að láta skammarlæti og skrímslisleiki þessa hyskis viðgangast á þinginu, þessa fánýtu gleði og dægrastyttingu, þessi skrípalæti með hávaða hlátri sköllum og skimpri, þennan ónytsamlega og ónauðsynlega gleðileik.

SÝSLUMAÐUR

Hætta ber leik þá hæst stendur. Enn höfum við ekki séð leikslökin

PRESTUR

Þessi leikur er guði og hans englum til styggðar og djöflinum og hans árum til gleðskapar og þjónustu. Ég tók eftir því að flugurnar sóttu sérstaklega í leikarana og er augljóst að höfðingi þeirra þekkir sína. Satan var fyrsta skepnan sem tók á sig annarlegt gerfi þegar hann birtist í líki höggorms í aldingarðinum Eden. Í mósebók segir að þeir sem smíða sér tötra, það er búning í gleðileikjum, séu réttir djöfulsins apar og athlægi, en andstyggð englunum, guði og góðum mönnum. Í Kaupmannahöfn

sá ég þrettán galdrakonur brenndar á einu báli og væri ráð að yfirvöld hér á landi fylgdu því fagra fordæmi.

SÝSLUMAÐUR

Hætt er við að ekki sé nægur viður í landinu til að brenna alla þá sem fást við kukl.

PRESTUR

Ekki er það nein afsökun fyrir því að hafast ekki að. Eigum við að bíða þess að galdrakindur þessar taki öll völd í landinu? Að almúginn hefni allra sinna ófara með viðbjóðslegum galdri? Piltur einn í minni sókn risti stúlku fretrúnir því hún hafnaði bónorði hans. Stúlkan var alveg viðþolslaus og ekki messufært vegna vindgangs í henni.

ÞORGEIR

Unnur lætur endann
anda eftir vanda
Í kristilegri kapellu
kæfir hún alla með fýlu

Gefur frá sér prumphljóð sem gæti komið í stað síðasta orðs

Allir hlæja og SÝSLUMAÐUR fær ekki varist brosi.

PRESTUR æfur

Vík burt Satan! Hér má sjá hversu þarflegt er að umgangast svona menn og áminna þá á Guðs götu, frómleika og kristilegar dygðir og reyna að koma því til leiðar að þeir kynnu revocare gradum superasque evadare ad auras. Hér er ekkert rúm fyrir skimp og kátínu. Burt með ykkur!

AÐALGRÍMUR

Förum nú og ljúkum leiknum.

ÞORBJÖRG

Komdu nú, sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Æ pútan mín fagra. Ég kem eins fljótt og ég get.

LEIKARARNIR fara. Þegar þau ganga af sviði byrjar ÞORBJÖRG að tína upp matinn sem hún hafði stungið undan og deila með hinum. SÝSLUMAÐUR horfir saknaðaraugum á eftir ÞORBJÖRGU.

ÁSA SIGNÝ og HELGA syngja

Ef býðst þeim ríks manns rekkja
sem raunir margar þekkjja
þá freistast fátæk ekkja
fá'ún uppsett verð
Sér kæmi ekki illa
að efnuð verða frilla

þó lang'ei leik að spilla
og lífsins gleðiferð

PRESTUR

Ætlarðu ekkert að aðhafast sýslumaður?

SÝSLUMAÐUR

Við skulum láta kyrrt liggja og þá gengur þetta yfir

PRESTUR

Djöfullinn er óþreytandi og ann sér engrar hvíldar og þessir leikarar eru handbendi hans.

SÝSLUMAÐUR

Ekki finnst mér það líklegt en sjálfsagt er að fylgjast vel með þeim. Einn leikaranna ljáði mér leikrit sitt og bað mig að lesa. Vegna anna kem ég því ekki við og því vil ég biðja herra prestinn að lesa það fyrir mig og aðgæta hvort eitthvað ókristilegt er við boðskap þess.

PRESTUR *tekur við handritinu*

Til fylgilags freistarinn tælir
við fordæmdar sálir hann gælir
Maðurinn er eins og maur
í mykju hann skríður og saur

11. atriði - Öxl

**ÞÓRDÍS, AÐALGRÍ MUR, BJÖRN, ÞORGEIR, ÞORBJÖRG, SUNNEVA,
ORMUR, ÁSA, SIGNÝ og HELGA**

Baðstofan á Öxl. BJÖRN, ÞÓRDÍS og FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR hlusta á KERLINGU/SUNNEVU segja sögu.

KERLING/SUNNEVA

Amlóði gekk til eldaskála og sótti þangað trékróka sína. Hann var klæddur ljótum kufli en undir honum var hann í silkivoðum girtur fögru sverði sem var hert í eitri. Grímu hafði hann á höfði, ljóta og líka þeim sem trúðar tíðkuðu. Setti hann spýtur sínar í húðfat og dró það á eftir sér til hallarinnar. Er hann vildi inn ganga í veislusalinn vildi hlassið meira rúm hafa en dyrnar gáfu og streittist hann þá við slíkt hann kunni uns hlassið varð laust en hann sjálfur byltist inn á gólfið og varð af þessu mikil skemmtan. Fíflíð brólti á fætur og rogaðist með hlass sitt inn eftir salnum og komst með það undir borð kóngsins en enginn gaf því gaum eða meinti að þar myndi nokkuð búa undir. Tók nú þrjótur þessi að leika ýmislega og láta öllum látum og varð mikið gaman að leikum hans og átti hann góð vöð matar og drykkjar sem hann dró að sér undir bekkina en ekki var hann iðjulaus þar því hann dró sem kænast klæði manna undir bekkina og festi með trékrókum sínum. Síðan jók hann fólkinu enn á ný mikla skemmtan með sínum fíflalátum svo enginn gætti að sér fyrir drykkjuskap og ofsakæti. Og er mjög var náttað brá gesturinn sér að Ömbu drottningu og bar hana úr höllinni og sló hurðinni í lás á eftir sér. En er hann gekk út um dyrnar gaus upp eldur svo öll höllin varð strax að einu báli. Gestirnir vildu flýja en voru fastir við bekkina og varð þá emjan og óp mikil og brann þar öll höllin og konungurinn og að auki nær tvær þúsundir manna. (*þögn*) Já mikið fífl var Amlóði og marga drap hann.

FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR

Já, mikið fífl var Amlóði
(*geispar*) Það sækir að mér þreyta
og vil ég nú ganga til hvílu

ÞÓRDÍS

Hér geturðu sofið

FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR

Guðlaun!
Er engin heimasæta á bænum?
Húsfreyjan vill kannski hita upp rúmið?
(*hlær*)

ÞÓRDÍS

Ekki má hún það
Bóndinn er nærri
Góða nótt!
(*fer*)

FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR

Farðu þá fjandans til kerling
Ekki geri ég þér annað kostaboð

FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR leggst í rúmið. Hann getur ekki sofnað og byltir sér.

ÞÓRDÍS

Svipan hans er silfurslegin
og eflaust á hann fleira fémætt
Við bíðum þar til hann sefur sætt
þá fellur exin og hann er ekki meir

BJÖRN

Ég er þreyttur
Exin vex í höndum mínun
eins og hún hafi öðlast sjálfstætt líf
Ég veld henni varla lengur

ÞÓRDÍS

Ertu veikur Björn?

BJÖRN

Einhver ólyst sækir að mér
Látum hann fara óáreittan
Silfur á ég nóg frá fyrri gestum
og ekki ríð ég fleiri hestum en einum

FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR þreifur fyrir sér undir rúminu og finnur að þar er eitthvað. Hann dregur það fram og er þar komið lík VERMANNNS/ÞORGEIRS. FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR verður mjög hræddur. Að lokum hugkvæmist honum að leggja líkið í rúmið en fara sjálfur undir það.

ÞÓRDÍS

Mundu þann mátt sem blóðið rauða geymir
Maðurinn er fórn á altari ástar okkar
án hennar fær hún enga fullnægju

BJÖRN

Raddirnar eru þagnaðar
þær eggja mig ekki lengur til dáða
Gísli Súrsson segir ei meir

ÞÓRDÍS

Láttu ekki hugarvíl og hræðslu buga þig
Hátt skal til höggs reiða
dugðu mér nú
Ég mun einskis annars beiða

BJÖRN
Ég dugi ekki til neins

ÞÓRDÍS
Er ég ekki einnar bónar virði?

BJÖRN
Þú ert mitt dýrasta djásn
og ekki vil ég neita þér um neitt

ÞÓRDÍS
Dugðu mér nú!

BJÖRN
Komdu þá!
illu er best aflokið

BJÖRN og ÞÓRDÍS ganga til FERÐAMANNS/AÐALGRÍMS.

BJÖRN *hvíslar*
Sefur hann?

ÞÓRDÍS
Vesalingurinn virðist í fastasvefni
vegmóður og þreyttur lagðist hann til hvílu
Lokið er hans gönguferð á lífsins vegi
leggðu til - hann vakna mun á efsta degi

BJÖRN heggur manninn í rúminu með exinni

BJÖRN
Eigi mun hann frammar frá tíðindum segja

ÞÓRDÍS
Því voru svo lítil fjörbrot hans?

BJÖRN
Í honum krimti
dæstur var hann
en ósleitilega til lagt, kerling

ÞÓRDÍS
Muntu leggja til mín núna?

BJÖRN og ÞÓRDÍS elskast og FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR notar tækifærið til að forða sér.

ÁSA
Alltaf eru einhverjir að hverfa

SIGNÝ

Og hver mun þá erfa?

HELGA

Hvert fóru þeir?

Þeir finnast ei meir

ÁSA

Farnir til fjarlægra stjörnukerfa

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *syngja*

Hafa tröllin tekið þá

eða tíndust þeir í sjá?

Eltu konu inn í hól

álfakyns í grænum kjól?

Urðu úti í hríðarbyl

eða drukknuðu í hyl?

Eltu stelpu í aðra sveit?

Enginn veit, enginn veit

Björn á Öxl á ótal hross

afarþungan silfurkross

Klæðnað góðan, klára vín,

kæstan hákarl, akfeit svín,

Hvaðan kemur auður hans

kaupeyrir og skepnufans

kýr og kálfar, fé á beit?

Enginn veit, enginn veit

ORMUR Á KNERRI

Hvað er það sem ég heyri?

Stjúpsonur minn, Björn

valdur að voðaverkum?

Snautið burt sögusmettur

liðkið rógtungur ykkar annarsstaðar

komið aldrei aftur að Knerri

með álygar og fals

ÁSA, SIGNÝ og HELGA

Fyrir óðalsbóndans orð

á að hylma yfir morð

En það fer þó aldrei vel

að þegja sögurnar í hel

Hvar fær vesæll maður vörn?

Varstu ljótur strákur Björn?

Á að gera að líkum leit?

Enginn veit, enginn veit

12. atriði - Laugarbrekka

PRESTUR, AÐALGRÍMUR, SÝSLUMAÐUR

PRESTUR

Hér er ekki einungis vegið að yfirvöldum og kirkjunnar þjónum heldur eru einnig hinir betri menn undir ámæli um að hylma yfir með þjófum og morðingjum. Hætt er við að virðing almúgans fyrir yfirvöldum minnki ef slíkur málflutningur er látinn afskiptalaus, sýslumaður.

AÐALGRÍMUR

Enn verð ég að benda prestinum á lögmál leiksins, sem er það sama og skáldskaparins. Leikarinn er einungis málþípa persónunnar líkt og hinir fornu munkar voru er þeir færðu heiðnar sögur í letur og ekki beið trú þeirra nokkurt tjón af því.

PRESTUR

Heiðinn dómur og páfavilla eru hjá mér undir sömu censura og ályktan, því þeir sem það aðhyllast eru hallir undir holdsins verk en ekki andans. Þeir skreyta hof sín og kirkjur með íburði, viðhafa sönglist og draga upp skrautlegar myndir. En þó forneskjan sé slæm og enn eimi eftir af henni í þessu synduga landi þá er ríkidæmi páfans hreinasta andstygð í augum þess frelsara sem þíndur var og lét líf sitt á krossi.

AÐALGRÍMUR

Amen.

PRESTUR

Sem ég sagði fyrr þá er þetta gleðispil ykkar til þess gjört til að uppvekja syndugar tilhneigingar svo fólk flykkist að til að skemmta augum og eyrum sínum og finna þeim gamla Adam fóstur og viðurværi.

AÐALGRÍMUR

Ekkert slíkt vakti fyrir okkur.

PRESTUR

Von átti ég á hávaða og sköllum og alvörulausum leik en ekki því að iðkaðar yrðu afmorslistir fyrir augum mér án nokkurrar blygðunar

SÝSLUMAÐUR

Presturinn hefur nokkuð til síns máls.

PRESTUR

Nú vil ég að þú stöðvir þennan leik, sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Og verða af sögulokunum?

PRESTUR

Leikinn verður að stöðva þegar í stað.

SÝSLUMAÐUR

Þú heyrir það leikari að prestinum er mjög á móti skapi að þið haldið áfram og þó hið konunglega vald sé ofar því kirkjulega nú á dögum þá stöndum við saman, veraldlegir valdsmenn og kirkjunnar menn.

AÐALGRÍMUR

Það verður þá svo að vera. (*þögn*) Þó þykir mér það miður að herra presturinn skuli ekki fá að sjá leik okkar þegar hann rís hæst. Þá gæti hann sannfærst um að við leikararnir erum sannkristnir menn og að boðskapur leiksins er ekki óþóknanlegur kirkjunni.

SÝSLUMAÐUR

Hvað áttu við, strákur?

AÐALGRÍMUR

Hæst rís leikurinn þegar Björn er handtekinn í páskamessunni.

SÝSLUMAÐUR

Við vitum að hann var handtekinn í páskamessunni. Við vorum þar.

AÐALGRÍMUR

Auðvitað sýslumaður. Ég var ekki að hugsa um handtökuna heldur predikun prestsins.

PRESTUR

Hvaða predikun?

AÐALGRÍMUR

Þar sem herra presturinn leggur út af gleðinni eins og honum einum er lagið.

PRESTUR

Gleðinni?

AÐALGRÍMUR kinkar kolli

PRESTURINN *í nokkurri baráttu við sjálfan sig*

Afmorslistir mun ég ekki þola.

AÐALGRÍMUR

Það verða engar afmorslistir.

PRESTUR

Ekkert klám eða guðlast eða vikið illu til yfirvalda?

AÐALGRÍMUR

Ekkert sem ókristilegt gæti talist.

PRESTUR

Mitt vakandi auga mun fylgjast með sem fyr(r)

Leikarar! Gangið því hægt um gleðinnar dyr

13. atriði - Öxl

BJÖRN, ÞÓRDÍS, SUNNEVA, ÞORGEIR, ÞORBJÖRG

*BJÖRN, ÞÓRDÍS, PILTUR/ÞORGEIR og STÚLKA/ÞORBJÖRG og
KERLING/SUNNEVA sem svæfir hvítvoðung í baðstofunni.*

PILTUR/ÞORGEIR

Okkur leist ekki á að fara lengra
systir mín er þreytt og svöng
og það er orðið svo framorðið
Guðlaun fyrir gistinguna

ÞÓRDÍS

Verið velkomin
farið úr votu klæðunum
og þiggið þurr föt og mat

STÚLKA/ÞORBJÖRG

Guð mun launa ykkur góðu hjón
fyrir gestrisni ykkar og greiðasemi

KERLING/SUNNEVA *syngur*

Gisti enginn hjá Gunnbirni
sem klæðin hefur góð
og dillidó
Ekur hann þeim í Illutjörn
rennur blóð eftir slóð
og dilla ég þér jóð

BJÖRN

Haltu kjafti kerling
og angraðu ekki gestina
(við *Pilt og Stúlku*)
Hún er elliær auminginn
lífir í forneskju fortíðar
hjátrú og heimskupvættingi
Þeir gömlu geta ekki skilið
þá upplýstu öld sem við lifum á

PILTUR/ÞORGEIR

Víst er þeim vorkunn

BJÖRN

Þægð yrði mér í því
að þú hjálpaðir mér dálítið
Ég þarf að leiða kvígu undir naut
og gott væri að hafa hraustan mann
að halda henni á meðan

PILTUR/ÞORGEIR

Auðsótt er það

Þeir fara.

KERLING/SUNNEVA *syngur*

Gisti enginn hjá Gunnbirni
sem góð hefur klæði
og dillidó
svíkur hann sína gestina
sem úlfurinn sauðina
og korríró

Óp berst að utan.

STÚLKA/ÞORBJÖRG

Þetta var hann bróðir minn
Hvað hefur komið fyrir?

ÞÓRDÍS

Þeir hafa verið að gantast, bróðir þinn og Björn

Annað óp heyrir

STÚLKA/ÞORBJÖRG

Hvílík skelfing í þessu ópi
Hér hafa voðaatburðir gerst

ÞÓRDÍS

Kannski hefur kvígan rifið sig lausa
eða nautið hefur stangað hann
Ég skal athuga hvað er á seyði
(*fer út*)

KERLING/SUNNEVA

Ýmislegt óhreint kann að vera á sveimi
það illa er ekki allt af öðrum heimi
Nú skaltu láta lítið fyrir þér fara
verði ég spurð mun ég engu svara

STÚLKA/ÞORBJÖRG felur sig. BJÖRN kemur inn með exina í annarri hendi en broddstaf í hinni.

BJÖRN

Hvar felur hún sig?

KERLING/SUNNEVA

Hver?
 Var einhver hér?
 Það hefur farið framhjá mér.

BJÖRN

Sjónleysi þitt er bæði blessun og böll

BJÖRN þakkar með broddstafnum í króka og kima og inn í felustað STÚLKUNNAR. Hún verður fyrir stafnum en gefur ekkert hljóð frá sér því hún hefur troðið upp í sig hálsklút sínum.

BJÖRN

Ljós!
 Komdu með ljós kona
 (hleypur út)

KERLING/SUNNEVA

Forðaðu þér!
 Fljótt!
 Fljúgðu eins og fuglinn
 yfir ísilagða Illutjörn
 hún ber ekki Björninn þunga
 Forðaðu þér!
 Feldu þig í gjótu
 Hreyfðu þig ekki
 - ekki minnsta hljóð
 Þegar morgnar ferðu til manna
 og segir sögu þína

STÚLKAN flýr. BJÖRN kemur inn með ljós. Hann sér á eftir stúlkunni og eltir hana. ÞÓRDÍS kemur inn.

ÞÓRDÍS

Hvar er stúlkan?

KERLING/SUNNEVA

Hvaða stúlka?
 Eru allir orðnir vitlausir hérna?
 Og ætlið þið að vekja fyrir mér barnið

BJÖRN kemur aftur

BJÖRN

Hún komst undan
 Æddi út á ísinn
 nýskændan og næfurþunnan
 Óttin hefur gefið henni vængi
 því yfir komst hún

Ég varð að krækja í kringum tjörnina
missti við það sjónar á henni
og hún hvarf í hraunið

ÞÓRDÍS

Ill tíðindi segirðu Björn
Hrædd er ég um að úr þessu
fari að stytast okkar saga

BJÖRN

Þú svarar ekki neinu er eftir verður spurt
oftast er það best að hið sanna liggi kjurt
Málæðið er mæða sem mun böðul fæða
Þögn er miklu betri en þarfleysisræða

14. atriði - Páskamessan

**BJÖRN, ÞÓRDÍS, ÞORGEIR, AÐALGRÍMUR, SUNNEVA,
ÞORBJÖRG, SÝSLUMAÐUR, PRESTUR, ÁSA, SIGNÝ og HELGA**

BJÖRN og ÞÓRDÍS koma til kirkju. ÞORGEIR, AÐALGRÍMUR og SUNNEVA standa saman í hóp og taka fálega kveðju þeirra.

BJÖRN

Komið þið sæl!

ÞÓRDÍS

Heil og sæl!

BJÖRN

Nú eru sólarlitlir dagar drengir

SUNNEVA til áhorfenda

Sól skín í heiði á sjálfan páskadaginn
en illskan byrgir fyrir alla birtu
Nú verður Axlarbóndi að svara til saka
Sjá: sýslumaður kemur, nú gerist eitthvað

SÝSLUMAÐUR og STÚLKA/ÞORBJÖRG koma inn og ganga til BJARNAR.

SÝSLUMAÐUR

Þarna er hann. Þú þarft ekkert að óttast stúlka mín.

STÚLKA/ÞORBJÖRG

Ég er ekkert hrædd. Ekki þegar þú ert nærri.

SÝSLUMAÐUR

Hvaðan kemur hattur þinn Björn?

BJÖRN

Kynlega spyrðu sýslumaður
og mun ég engu þar til ansa

STÚLKA/ÞORBJÖRG

Of fallega skartar hattur bróður míns
á hausnum á þér í dag, bölvaður fanturinn

SÝSLUMAÐUR hneppir frá BIRNI hempunni.

SÝSLUMAÐUR við Þorgeir

Sjáðu þessa silfurhnepptu peysu
og segðu mér hvort þú þekkir hana?

BRÓÐIR/ÞORGEIR

Átt hefur Sigurður bróðir minn
sem hvarf á leið í verið í fyrravetur
á því leikur enginn vafi

FERÐAMAÐUR/AÐALGRÍMUR

Ekki þarf að efast um það heldur
að þú reyndir að myrða mig í svefni
en fyrir guðs náð gat ég leikið á þig

SÝSLUMAÐUR

Ég lýsi þig morðingja og illræðismann
þessara þriggja sem þau hafa sannað
Grípið hann nú piltar í jesú nafni!

ÞORGEIR og AÐALGRÍMUR halda BIRNI. PRESTUR kemur inn.

PRESTUR

Hver dirfist að spilla páskahelginni
í helgri kirkju með áflogum og ati?
Eruð það þér sýslumaður
sem gefið fordæmi að þessum gjörningi?

SÝSLUMAÐUR

Morðingi hefur komist undir manna hendur

PRESTUR

Er Björn morðingi?
Eitt minna bestu sóknarbarna
sem ætíð gengur á undan með góðu fordæmi
geldur sína tíund án þess að mögla
Ég trúí því ekki

SÝSLUMAÐUR

Það er samt satt
Nú set ég hann í varðhald
þangað til dómur verður uppkveðinn

PRESTUR

Bíddu við sýslumaður
Ekkert nema gott mun það gera honum
að heyra guðsorð á þessum degi
svo hann megi iðrast illverka sinna

SÝSLUMAÐUR

Reyna má að snerta hans forherta hjarta

PRESTUR

Hinn forklæddi skelmir til fylgis oss tælir
 sá lævísi Satan í launsátri bíður
 með svikabrögð sín - það er vont hann að varast-
 ef bráð sína hremmir hann skemmir og skaðar
 Vita skalt þú hvaða synd skal varast
 ég nefni hana og nafnið hljómar vel
 yfirbragðið saklaust og yndis- er hún fríð
 en undir niðri full með lygi og fláttskap
 Ég nefni hana og nafn hennar er Gleðin
 sem tímenn tefur - fælir fólk frá vinnu
 svo enginn lengur iðja vill og biðja
 Hún uppvekur hinn gamla girndar-adam
 og konunum hún kveikir líkamslosta
 Með söng á vör á vit hennar þau ganga
 og lögmálið þau lasta og Herrann spotta
 En vöndur guðs mun vægðarlaust þeim refsa
 sem dansa kátt í takt við djöfla pípur
 og eitur syndar inndrekka með gleði
 og hirða ekki um herrans náðarstraff
 Þeim út í ystu myrkur verður kastað
 í díki fullt með orma og og eiturpöddur
 þar eilíft myrkur ríkir, eldur, svæla
 með emjan, veinan, ótta og svengdarkveini
 En hinum sem hefur hann velþóknun á
 sem láta ekki af gleðinni glepjast
 verður búin vist í síðusári Krists
 í blóði hans sem blessar menn og hressir
 Sem brjóstbrunna tvo sjúgum við sár ristanna
 Hver fær þá hvað girnist hjarta hans heitast
 Enginn giftist allt batnar og andstreymi flýr
 Því endalaust feitmeti er á borðum hans
 Því allri með drottins englahirð
 útvaldir búa í þeirri dýrð

15. atriði - Laugarbrekka

**BJÖRN, ÞÓRDÍS, ÞORGEIR, AÐALGRÍMUR, SUNNEVA,
ÞORBJÖRG, SÝSLUMAÐUR, PRESTUR, BÖÐULL, ÁSA, SIGNÝ og HELGA**

SÝSLUMAÐUR og BÖÐULL eru á sviðinu. BÖÐULLINN er að brýna öxina.

SÝSLUMAÐUR

Brýndu vel böðull. Hausinn á að fjúka í fyrsta höggi.

BÖÐULL

Fyrsta högg segir sýslumaðurinn. Fyrsta högg.

SÝSLUMAÐUR

Ekkert hjakk með bitlausu verkfæri. Mínar aftökur eiga að bera snyrtimennsku minni vitni. Ég vil ekki að þeir dauðadæmdu rísi upp eftir nokkur högg og atyrði böðulinn fyrir slæleg vinnubrögð.

BÖÐULL

Eitt högg skal það vera. Ég vil ekki bregðast trausti konungsins og sýslumannsins sem hefur skipað mig í þetta ábyrgðarfulla embætti. En færirðu ekki fangann til Þingvalla?

SÝSLUMAÐUR

Ekki nenni ég að drösla dauðamanni þessum til Alþingis, eyða tíma dómaranna til einskis og þurfa sjálfur að kosta upphald hans þangað til. Best er að aflífa þessa skaðaskepnu strax.

BÖÐULL

En konan?

SÝSLUMAÐUR

Hvað með hana?

BÖÐULL

Hvað á að gera við hana?

SÝSLUMAÐUR

Leikur einhver vafi á sekt hennar?

BÖÐULL

Hún er með barni.

AÐALGRÍMUR kemur inn. Hann stendur á lengdar og hlustar á samræður SÝSLUMANNS og BÖÐULS en þeir verða hans ekki varir.

SÝSLUMAÐUR

Ekki get ég refsað ófæddu barni. Ég tek hana með til Þingvalla. Þeir vísu menn geta þá ráðið fram úr hennar málum. Kvenfólk er léttara á fóðrum og eitthvað getur hún unnið fyrir sér í varðhaldinu.

BÖÐULL

Á ég að grafa hann haus við daus?

SÝSLUMAÐUR

Hvað ertu að þvaðra böðulsskepna?

BÖÐULL

Þegar sálin skreppur úr nösunum rýkur hún upp í rassgatið á honum og hann getur ekki gengið aftur.

SÝSLUMAÐUR

Ég er upplýstur maður og gef lítið fyrir þessháttar hjátrú. (*þögn*) Jæja. Allur er varinn góður. Þú gerir það sem þér finnst best. (*verður var við Aðalgrím*) Ertu þarna leikari? Hvað segir þú, sem allt veist um fræði Lúters, getur rassgat verið fangelsi sálar?

AÐALGRÍMUR

Litla trú hef ég á því.

SÝSLUMAÐUR

En setjum svo að það sé hægt að fanga sálina. Er það þá ekki óneitanlega líklegur staður?

AÐALGRÍMUR

Það má vera.

SÝSLUMAÐUR

Það er alveg stórmerkilegt að maður eins og þú sem vill upplýsa alþýðuna skulir ekki hafa myndað sér skoðun í svo mikilvægu máli. (*dregur upp vasapela og býður*) Héna, drekktu strákur!

AÐALGRÍMUR

Guðlaun!

SÝSLUMAÐUR

Heyrðu, strákur! Þú lofaðir mér því að þessi leikur ykkar yrði upplýsandi fyrir málið.

AÐALGRÍMUR

Finnst sýslumanninum leikurinn ekki upplýsandi?

SÝSLUMAÐUR

Hvað hafið þið upplýst? Að hann sé morðingi? Það hafði ég upplýst sjálfur?

AÐALGRÍMUR

Já herra sýslumaður. En ástæðurnar fyrir morðunum..

SÝSLUMAÐUR

Ástæðurnar! Ástæðurnar! Hvaða fjandans máli skipta ástæðurnar? Hann verður gerður höfðinu styttri? Verður hann ekki jafndauður hvaða ástæður sem hann kann að hafa haft? Svaraðu nú, strákur.

AÐALGRÍMUR

Jú. Hann verður jafndauður hvort sem er. En mér finnst áhugavert að vita hvað lá að baki. Hvað kemur manni til að vinna slík ódæðisverk?

SÝSLUMAÐUR

Í leik ykkar drepur hann af ást. Það finnst mér hæpið. Reynsla mín segir mér að græðgin sé sterkari hvöt en girndin. Svangur maður stelur sér til matar en hann hefur engan áhuga á að komast yfir kerlingu.

AÐALGRÍMUR

Til er háleitari ást en það.

SÝSLUMAÐUR

Þarna er ykkur rétt lýst. Háleitari! Þú ert engu betri en prestskepnan, guð fyrigefi mér, með allt sitt raus um skaðsemi gleðinnar. Báðir trúíð þið í blindni. Þú á listina, hann á þínu Krists.

AÐALGRÍMUR

Og á sannleikann. Við trúum á sannleikann.

SÝSLUMAÐUR

Sannleikann?

AÐALGRÍMUR

Já. Trúir sýslumaðurinn ekki á sannleikann?

SÝSLUMAÐUR

Ég trúí á þann sannleika sem ég get leitt í ljós í réttarhaldi.

AÐALGRÍMUR

Er það líka sannleikur sakamannsins?

SÝSLUMAÐUR

Ef þeir vilja ekki meðkenna þá geng ég hart fram. Sannleikurinn kemur í ljós. Og það er haldbærari sannleikur en ykkar.

AÐALGRÍMUR

Á listin að bera einum sannleika vitni eða á hún sýna allar hliðar málsins svo sá sem nýtur geti sjálfur dregið sínar ályktanir? Sannleikurinn er eins og fjall. Þegar grannt er skoðað er ekki sama hvar maður stendur. Frá einni hlið er fjallið formfögur keila en frá annarri er það ólögulegt hrúgald. Sannleikur í listum er varasamur einkum ef á að þjóna einum sannleik fremur en öðrum.

SÝSLUMAÐUR

Er þá allur leikur ykkar lygi?

AÐALGRÍMUR

Það sagði ég ekki.

SÝSLUMAÐUR

Er þá kenning þín um að Björn hafi myrt menn því hann langaði til að verða hetja og síðar til að geta gagnast konu sinni bara einhver skemmtileg vitleysa? Dægrastytting á meðan við bíðum þess sem verða vill?

AÐALGRÍMUR

Hefði hann drepið fólkið í hernaði hefði hann verið hetja. Ef hann hefði drepið fyrir kirkju eða kóng og fallið í bardaga, myndum við þá ekki vegsama dauða hans? Eða ef hann hefði drepið til að hefna föður síns eins og Amlóði. Hetjur sem drepa vegna hefndarskyldu eiga samúð okkar hvort sem þeir drepa í bardaga eða í skjóli nætur. En við eigum erfitt með að skilja að einhver drepi vegna ástar eða holdlegrar fýsnar; vegna þess að hjarta hans skipar honum svo fyrir. Þó er ekkert eins máttugt og blóð fyrir ástarbrímann. Þegar auka á frjómagm jarðar og frjósemi manna og dýra er blóði alltaf úthellt.

SÝSLUMAÐUR

Mikil endemis þvæla getur runnið upp úr þér leikari. Væri ég jafn óspar á fé og þú á þvaðrið væri ég snauður maður. (*staupar sig*) Segðu mér það. Hvað heldurðu að sé satt í þessu máli?

AÐALGRÍMUR

Hversvegna spyrðu Björn ekki að því?

SÝSLUMAÐUR

Spyrja Björn að því? (*þögn*) Jæja þá. Varla veltur meiri vitleysa upp úr honum en þér. (*við Böðul*) Sæktu fangann!

BÖÐULL

Sem sýslumanninum þóknast. (*fer*)

SÝSLUMAÐUR

Við skulum sjá hvað morðinginn hefur til málanna að leggja.

AÐALGRÍMUR *við sjálfan sig*

Hverskonar hetja hugnast okkur best? Er það sú hetja sem hleður valkesti og kemur ósár úr hverri raun? Er það kolbíturinn sem allir smáðu sem rís úr öskustónni og drýgir óvæntar dáðir? Eða á sú hetja samúð okkar sem mistekst allt sem hún ætlar sér og öll hennar góðu áform snúast upp í andhverfu sína, því í þeirri hetju þekkjum við okkur sjálf?

BÖÐULL kemur inn með BJÖRN bundinn.

SÝSLUMAÐUR

Jæja Björn bóndi! Þú hefur ekki stolið vegna hungurs eins og flestir þeir aumingjar sem ég er vanur að fást við svo ég vil spyrja þig um hvað það var sem þér gekk til.

BJÖRN

Ekkert sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Þrætirðu fyrir að þú sért morðingi?

BJÖRN

Nei.

SÝSLUMAÐUR

Hve marga hefurðu myrt?

BJÖRN

Níu.

SÝSLUMAÐUR

Bein úr allmörgum fleirum fundust þegar grafið var í fjóshaug þinn og er Illatjörn var slædd.

BJÖRN

Þau voru úr förufólki sem hafði orðið úti á milli bæja og ég nennti ekki að flytja til kirkju.

SÝSLUMAÐUR

Fágæt hirðusemi er það hjá einum morðingja.

BJÖRN

Ég vinn þau verk sem vinna þarf.

SÝSLUMAÐUR

Lítill þörf virðist mér á þínum verkum

BJÖRN

Hver er sjálfum sér næstur.

SÝSLUMAÐUR

Hræðistu ekki dauðann?

BJÖRN

Ekki geri ég það en fagna honum ekki heldur.

SÝSLUMAÐUR

Iðrastu þá einskis?

BJÖRN

Iðrun! Ekki þekki ég þá skepnu. Ég hef felld með exi og nú mun ég falla fyrir exi. Það get ég skilið. Það fer sem fer.

SÝSLUMAÐUR

Hversvegna myrtirðu þetta fólk?

BJÖRN

Það var fyrir þegar exin féll.

SÝSLUMAÐUR

Ekki talarðu af þér Björn. (*þögn*) Drapstu fólk til að geta gagnast konu þinni?

BJÖRN *gapir*

Sýslumanninum er ekki alvara, er það?

SÝSLUMAÐUR

Rís þér hold, Björn?

BJÖRN

Ástand konu minnar er til vitnis um að mér rís hold.

SÝSLUMAÐUR

Já en hvað..? Þetta er ekki til neins. (*við Böðul*) Sæktu konuna!

BÖÐULL fer og sækir ÞÓRDÍSI.

BJÖRN

Hvað viltu henni?

SÝSLUMAÐUR

Það er þá líf í þér eftir allt saman. Af hverju er þér svona órótt? Því skyldi ég ekki tala við Þórdísi, hún á þó hlut að þessu máli.

BJÖRN

Hún hefur ekkert til saka unnið.

SÝSLUMAÐUR

Mitt er að dæma um það. (*við Þórdísi*) Meðkennir þú að hafa hjálpað til við morðverk bónda þíns?

ÞÓRDÍS

Hvaða morðverk? Mér vitanlega hefur Björn engan myrt.

SÝSLUMAÐUR

Hann hefur gengist við því að hafa myrt níu menn.

ÞÓRDÍS

Það veit ég ekkert um.

SÝSLUMAÐUR

Furðulegt finnst mér að þú skulir ekki hafa orðið neins vör. Ekki eru svo stór húsakynni á Öxl að þar rúmist slík leyndarmál.

BJÖRN

Hún veit ekki neitt.

SÝSLUMAÐUR

Þegi þú fanturinn þinn. (*við Þórdísi*) Þú ert hvorki blind eða heyrnarlaus. Eitthvað hlýtur þú að hafa séð eða heyrt.

ÞÓRDÍS

Ég veit það eitt að Björn hefur reynst mér góður og kærleiksríkur eiginmaður. Hann hefur séð vel fyrir sínu búi, hann er góður við börnin og ekki hleypur hann frá mér til annarra kvenna.

SÝSLUMAÐUR

Gerir hann það ekki? (*við Aðalgrím*) Hvern andskotann er ég að reyna að fá fram hérna? Ég nenni ekki að eltast lengur við delluna úr þér. Eins og þú sérð er hann ekkert annað en ótínt illmenni. Því fyrr sem við fáum höggvið þennan mannfjanda því betra.

SÝSLUMAÐUR og AÐALGRÍMUR fara

ÞÓRDÍS *syngur*

Aumt er að lifa eftir í heim
því ástin heit er ætluð tveim
sáran bera sorgarkeim
en sútir verð' að dylja
Svíður sárt að skilja
Engu geta ansað þeim
sem inna mig að því - Hví
mínar eru sorgirnar þungar sem blý?

BJÖRN *syngur*

Þó ég færi um Ísland allt
akra bleika og hjarnið kalt
fegra blómstur væri ei falt
né fríðari nein lilja
Svíður sárt að skilja
Veraldar er gengið valt
og vont er það að góma
Litla stund er lífið manns í blóma

ALLIR tínast inn á sviðið. SÝSLUMAÐUR býr sig undir að kveða upp dóminn.

ÁSA, SIGNÝ og HELGA *syngja*

Um Axlarhlað lá gatan grýtt
gestir féll´á kollinn
Með öxinni hjó Björn ótt og títt
eins og óður skollinn
Girtist ávallt hluti sem að glansa
Við brúði sína lét hann blítt
blóðs við rauðan pollinn
En litla hafð´ann löngun til að dansa

Um nótt er allt var orðið hljótt
að þeim grimmur læddist
Húsfreyja snöru hert´að skjótt
um háls uns gestur mæddist
Girtist ávallt hluti sem að glansa
Herleg klæð´og hesta gnótt
hjónakornum græddist
Þungt er stigið þegar dauðir dansa

SÝSLUMAÐUR

Burt með ykkur! Hér enginn staður fyrir gamanmál. (*þögn*) Því dæmist rétt vera að Björn Pétursson bóndi á Öxl skuli hálhöggvast fyrir manndráp og rán. Hann skal einnig limamarinn, útlimir hans höggvast af og af því loknu skulu þeir settir á stengur öllum landslýð til viðvörunar. Böðull, gerðu skyldu þína.

BÖÐULL

Á ég að hálhöggva hann fyrst?

SÝSLUMAÐUR

Hvað þarf mikið vit til að gera mann höfðinu styttri?

ÞORGEIR

Þegar hann hefur höggvið hausinn af verða þeir jafngáfaðir morðinginn og böðullinn.

SÝSLUMAÐUR

Þegi þú, fífl! (*við Böðul*) Fyrst útlimirnir. Þeir eiga að merjast með sleggju og síðan höggvast af. (*þögn*) Og hafðu lint undir. Þá verður kvöl hans meiri.

PRESTUR

Þessar þínslir eru barnaleikur miðað við þjáningar syndaranna í helvítiseldinum. Jafnvel þúkarnir hrína af tilhugsuninni um þær. Eldur, brennisteinn, eitraðar pöddur..

SÝSLUMAÐUR

Er ekki best að hver sinni sínu, prestur góður? Okkar er að vinna verkin hérna megin grafar, herrann sér um hitt. Hefur hann iðrast?

PRESTUR

Ekki vill hann iðrast misgjörða sinna. Ég hafði vonað að fyrir heilags anda verkan og mínar alvarlegu fortölur af guðs orði þessa vesæla manns hugur og hjarta til sannrar viðurkenningar klökkna kynni svo sál og líkami frá eilífum helvítis eldi fyrir Jesum Kristum frelsuð verði.

BÖÐULLINN bindur BJÖRN niður.

ÁSA

Er hætt að leika?

AÐALGRÍMUR

Leikurinn stendur enn en nú held ég að best sé fyrir leikara að halda sig til hlés. Einhver annar en ég mun stýra þessum leik.

SIGNÝ

Ég vil dansa. Það á að dansa meira.

BÖÐULLINN tekur trésleggju og keyrir í annan fótlegg BJARNAR.

BJÖRN

Sjaldan brotnar vel bein á huldu, Ólafur frændi.

BÖÐULL

Í dag er ég kóngsins böðull og ekki frændi neins manns.

ÞORGEIR

Böðulskepnan lagar fótaborðinn með sleggju. Þannig eykur hann dansfimi Axlarbóndans.

HELGA við Þorgeir

Þú dansar við okkur!

ÞORGEIR

Ekki þori ég það.

ÁSA

Við eigum brauð og öl.

SIGNÝ

Og hangikjöt og hertan fisk.

HELGA

Og dreytil af brennivíni.

ÞORGEIR

Vandi er vel boðnu að neita. Leikarinn dansar fyrir varninginn, það er hans lifibrauð.
(*syngur*)

Böðull sýnir blíðuhót
brýtur eftir mynstri
Hann lýkur við hægrifót
hefur störf á vinstri

ALLIR

Verk sín aldrei vinnur hann til vansa

ÞORGEIR

Lipran mæri leggjabrjót
sem lemur kveðju hinnstri

ALLIR

Aldrei mun Björn bóndi lær' að dansa

SÝSLUMAÐUR

Hættið þessu strax!

BÖÐULL

Hann hæðist að kóngsins böðli.

ÞORGEIR

Það er enginn fótur fyrir því.

BÖÐULL

Sá sem hæðist að böðli kóngsins hæðist líka að kónginum.

AÐALGRÍMUR

Hann var alls ekki að hæðast að böðlinum, þvert á móti. Hann var að hæla honum fyrir hve honum færast aftakan verklega úr hendi.

SÝSLUMAÐUR

Þegar ég gaf ykkur leyfi til að sýna gleðileik ykkar var það aldrei ætlun mín að þið væruð með dans og apaskap á sjálfri aftökunni.

BÖÐULL

Leyfðu mér að flengja hann, helvíska.

PRESTUR

Hlustaðu á böðullinn, sýslumaður. Of gott er fyrir leikarann að bíða refsingarinnar í helvítiseldinum þar sem allir alvörulausir menn enda.

BÖÐULL

Hlustaðu á prestinn, sýslumaður. Hann þekkir guðs vilja.

SÝSLUMAÐUR

Sinntu þínu, böðull. Láttu mig um að dæma.

BÖÐULL

Ég byrja þá á handleggjunum. (*heldur áfram verki sínu*)

ÞORGEIR

Þetta var bara saklaust gaman.

PRESTUR

Ekkert gaman er saklaust.

SÝSLUMAÐUR

Heldurðu að dómarrinn fari með einhver gamanmál? Eða böðullinn?

ÞORGEIR

Það eru margir samankomnir hérna og litla skemmtun að hafa.

SÝSLUMAÐUR

Erum við hér samankomin okkur til skemmtunar? Heldurðu að mér sé skemmt? Heldurðu að sakamanninum sé skemmt?

ÞORGEIR

Það efa ég.

SÝSLUMAÐUR

Er þér skemmt, Björn?

BJÖRN

Sjaldan er mér hlátur í hug og síst núna.

SÝSLUMAÐUR

Hvað sagði ég, leikari?

PRESTUR

Það er eftirbreytnivert að forsóma svo gleðina.

SÝSLUMAÐUR

Heldurðu að þér yrði skemmt ef ég léti brennimerkja þig milli augnanna?

ÞORGEIR

Ég hef aldrei stolið.

SÝSLUMAÐUR

En dóm hefur þú fengið Þorgeir leikari. (*þögn*) Já, ég man eftir þér núna. Tólf vandarhögg og mark af heitu járnri ef þú gætir ekki sannað sakleysi þitt.

ÞORGEIR

Ég sór tylftareid á Rosmhvalanesi eins og ég var skyldaður til.

SÝSLUMAÐUR

Þú ert einn til frásagnar um það. Réttast væri að flengja þig og merkja til öryggis. Lítil skaði væri það þó einum leikara væri refsað að ósekju.

ÞORGEIR

En ég hef ekkert til þess unnið.

PRESTUR

Nú datt heldur betur úr honum dansinn.

BÖÐULL

Ég er búinn með handleggina.

SÝSLUMAÐUR

Höggðu þá af honum limina.

BÖÐULL tekur til við að höggva útlími BJARNAR af. Jafnóðum og hann gerir það setur hann þá á stengur.

BÖÐULL

Limina sagði sýslumaðurinn! Þá er að vinda sér í það. Hvað? andskoti er seigt í honum!

ÞORBJÖRG

Gerðu eitthvað mamma.

SUNNEVA

Ekki hef ég neitt á móti því að hann verði hýddur. Galdur á ekki að nota nema mikið liggi við.

ÞORBJÖRG

En viltu að ég verði hýdd líka?

AÐALGRÍMUR

Hefurðu lesið leikrit mitt, sýslumaður?

SÝSLUMAÐUR

Mér hefur ekki unnist tími til þess. Afhverju hljóðar helvítis maðurinn ekki? Hann ætti að hljóða.

SUNNEVA *við sjálfa sig*

Ekkert æðruorð mælti hinn sæli biskup Jón Arason þegar hann var höggvinn og hafði hann engan glæp framið.

AÐALGRÍMUR

Þú manst samkomulag okkar sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Samkomulag? Ég geri ekki samkomulag við trúða og leikara enda eru þeir ærulausir menn og hafa engan heiður að leggja að veði.

ÞORBJÖRG

En það er gaman að þeim. Hefurðu ekki gaman að henni Tobbu þinni?

SÝSLUMAÐUR

Æ pútan mín! Auðvitað hef ég gaman að þér.

ÞORBJÖRG

Ekki sýnir þú það á neinn hátt. Við megum ekki leika og þú vilt ekki leyfa okkur að dansa.

SÝSLUMAÐUR

Tobban mín litla. Það á ekki við. Hér er maður að deyja.

ÞORBJÖRG

Hann á það skilið. En á ég það skilið að láta mér leiðast. Af hverju viltu ekki láta þetta lítilræði eftir mér?

SÝSLUMAÐUR

Ég skal gefa þér vel að borða. Viltu gullpening? Hérna er gullpeningur.

ÞÓRDÍS

Heldur tekur nú að saxast á limina hans Björns míns.

BJÖRN

Einn er þó eftir enn og væri hann betur af en það er sá limur sem þér er kærastur.

ÞORGEIR

En ekki hleypur hann upp til handa og fóta úr þessu.

PRESTUR

Ég hef lesið leikritið sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Gott er það! Og hvað finnst þér?

PRESTUR

Auga guðs er alsjándi hér á jörðu. Það sér syndir manna hvortheldur þær eru í orði eða á borði. Herrann sér líka þá saurugu þanka sem bærast í brjósti okkar.

SÝSLUMAÐUR

Ég veit það. Hvað fannst þér?

PRESTUR

Ég er einungis lítið tannhjól í drottins stóra sigurverki. Hefndin er mín segir herrann.

ÞORGEIR *lágt*

Mikið er hægt að ljúga með þögninni.

PRESTUR

Ég heyrði þetta. Þú átt vísa vist í hreinsunareldinum, leikari.

ÞORGEIR

Ekki er það versti staðurinn fyrir Íslending. Það er þá einhver von til að maður nái úr sér andskotans hrollinum.

SÝSLUMAÐUR

Nú er mér nóg boðið. Ég ætla ekki að þola stráksskap þinn lengur. Böðull! Hýddu hann.

BÖÐULL *lyftir upp handlegg*

En ég ..

SÝSLUMAÐUR

Nú seinna þá. Ljúktu því sem þú ert að gera.

ÞORGEIR

Ekki dugir að gera það með hangandi hendi.

SÝSLUMAÐUR

Ég vara þig við..

BÖÐULL fleygir frá sér handleggnum.

ÞORGEIR

Nú getur Björn bóndi ekki lengur borið hönd fyrir höfuð sér.

BÖÐULLINN heggur höfuðið af BIRNI. Það er fararsnið á ÞORGEIRI en SÝSLUMAÐUR fylgist vel með honum.

SUNNEVA

Aldrei hefur hann hugmynd um hvenær hann á að hætta.

ÞORBJÖRG

Mamma! Hjálpaðu honum.

SUNNEVA teiknar ægishjálms á enni sér. Beinir galdrinum að Sýslumanni
Þvæ ég af mér í dag reiði allra manna ríkra og óríkra svo þeir hlæjandi augum mig líti og glaðlega móti mér gangi. Lít ég fjörsakir lít ég fjársakir lít ég hinna minnstu manna sakir. Guð líti mig og góðir menn. Sjái hver á mig sældaraugum fyrir þann ægishjálms er ég á milli brúna ber..

PRESTUR *gengur fyrir Sunnevu með krossmark*

Exi immunde spiritus et da locum spiritui sancto. Þetta vissi ég. Ég fann það á mér að við höfðum galdrakind á meðal okkar. Hún hefur sent þér skeyti sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Mér? Hvernig þá?

PRESTUR

Það var ekki einleikið hvað þú varst umburðarlyndur gagnvart þessu leikarahyski. Mér komu strax galdrar í hug og reyndi að verja þig með fyrirbænum og með því að gera fyrir þér krossmark, þó með fullri leynd. Fann ég þá strax sviða í lófanum tanquam torpedine tactus og kenndi þar skeyti óvinarins í formi þessarar gömlu galdrakindar.

SUNNEVA

Ég er engin galdrakind.

BÖÐULL heldur á höfði Bjarnar. Bendir á Aðalgrím

Þessi er göldróttur

SÝSLUMAÐUR

Hvað ertu að veifa þessum viðbjóði framan í mig. Farðu og sæktu vopnin mín. Pístóluna og sverðið.

BÖÐULL hleypur af stað.

AÐALGRÍMUR

Stilltu þig sýslumaður. Þú ert þó menntaður maður og upplýstur..

SÝSLUMAÐUR

Ég er ekki ginningarfífl þitt.

AÐALGRÍMUR

Ekki hef ég gert annað en að stinga upp á viðskiptum okkar í milli.

SÝSLUMAÐUR

Þú reyndir að ná valdi á mér með göldrum.

AÐALGRÍMUR

Ekki ertu svo auðtrúa að þú..

PRESTUR

Á bálið með þau öll.

AÐALGRÍMUR dregur sverð sitt úr slíðrum

Mér er farið að leiðast þessi félagsskapur. Hvar er handritið mitt?

SÝSLUMAÐUR

Leggðu frá þér vopnið.

AÐALGRÍMUR

Hvar er það?

SÝSLUMAÐUR bendir á Prest

Ég lét prestinn fá það til yfirlestrar.

PRESTUR *dregur fram handritið*

Þetta rit er uppfullt af guðlasti og óþverra. Í því kvænist maður konu bróður síns. Það eru sífjaspell og líflátssök samkvæmt stóradómi.

AÐALGRÍMUR

Þetta er bara leikur.

PRESTUR

Bálið geymir slíkar sögur best.

PRESTUR fleygir handritinu á bálið. Þylur særingu sína þar til eldinn lægir.
BÖÐULL kemur inn með vopn SÝSLUMANNS.

PRESTUR

Exi immune spiritus et da locum spiritui sancto. Exerciso te immune spiritus per patrem et filium et spiritum sanctum: vt exeas et recedas ab hac famula dei. Ipse enim tibi imperat maledicte damnate, qui pedibus super mare ambulavit et petro mergenti dexteran porrexit.

SÝSLUMAÐUR

Það eru engar kúlur. Hvar eru kúlurnar? Náðu í þær! Og púðrið líka. Nei! Gríptu þau!

BÖÐULL ruglast af þessum misvísandi skipunum. Á endanum ákveður hann að grípa leikarana en hausinn þvælist fyrir honum svo hann réttir SÝSLUMANNI hann sem tekur við honum í fátí. SÝSLUMAÐUR horfir á hausinn með hryllingi. SUNNEVA fleygir einhverju á bálið svo það gýs upp með reyk og neistaflugi. Allt í uppnámi. Þegar eldinn lægir eru SUNNEVA, ÞORGEIR og AÐALGRÍMUR horfin og handritið einnig. BÖÐLINUM hefur tekist að klófesta ÞORBJÖRGU.

PRESTUR

Hér má sjá mátt guðsorðs en árar þessir hafa án efa verið upprunnir í neðsta og hafa fyrir Drottins náð horfið aftur í sitt fyrra form og einnig sú óguðlega skræða sem þeim fylgdi. Lofið Herrann!

BÖÐULL

Hvað á ég að gera við hana?

ÞORBJÖRG

Sleptu mér.

PRESTUR

Á bálið með hana. Þá mun sannast hvort hún er í slagtogi með púkunum því ef hún brennur ekki heldur djöfullinn hlífiskildi yfir henni.

SÝSLUMAÐUR

En ef hún brennur?

PRESTUR

Þá vitum við vissu okkar um sakleysi hennar og getum beðið fyrir sálinni.

ÞORBJÖRG

Bjargaðu mér sýslumaður. Bjargaðu henni Tobbu þinni.

SÝSLUMAÐUR *rankar við sér. Réttir Böðli hausinn*

Taktu þennan andskota. Hér verður ekkert kvenfólk brennt án réttarhalds.

PRESTUR

Altént má pynda hana til sagna. Ég lærði nokkrar árangursríkar aðferðir í Kaupmannahafnarferð minni sem ég vildi gjarnan reyna.

SÝSLUMAÐUR

Ég skal sjá um hana. Þá verður öllu réttlæti fullnægt.

ÞORBJÖRG

Ef réttlætinu verður fullnægt má fullnægja ýmsu fleiru, sýslumaður.

SÝSLUMAÐUR

Ég tek hana þá með mér prestur góður. Hún getur þá unnið eitthvað fyrir sér á með mál hennar verður rannsakað.

PRESTUR

Enn ætlarðu að sýna leikarahyskinu miskunn.

SÝSLUMAÐUR

Ekki aldeilis. Ég verð gallharður við þessa konu. Og hinum læt ég veita eftirför. Þeim verður hvergi vært. (*við Böðul*) Farðu með hana í tjaldið mitt.

BÖÐULLIN fer með ÞORBJÖRGU

ÁSA, SIGNÝ og HELGA

Flaug af hausinn flaut þar blóð

firnagaman að því

Bunan upp úr strjúpa stóð

stígum - hopp og híhí

Stígum dans uns verðum við að stansa

Gef oss drottinn góðan óð

er gleðjumst við á ný

Hauslaus má hann herða sig að dansa

ÞÓRDÍS *klappar á kvið sinn*

Þessi mun hefna.

16. atriði - Einhverstaðar á víðavangi

SUNNEVA, AÐALGRÍMUR, ÞORGEIR, ÁSA,
SIGNÝ, HELGA og ALLIR í lokasöng

Sviðið er einhver staður á víðavangi. Stangirnar með líkamsleifum Bjarnar sjást í fjarska.

SUNNEVA

Ef kötturinn hættir sér of nærri eldinum er hætt við að hárin sviðni. Mér segir svo hugur að bálín eigi eftir að loga glatt á næstu öld og þau verða það eina sem minnir á gleði. Það er best að láta lítið á sér bera. Einhversstaðar hlýtur að vera bæli fyrir kerlingu eins og mig á þessu guðsvolaða landi. (*hlustar*) Það kemur einhver (*felur sig*)

AÐALGRÍMUR kemur inn móður og mäsandi.

AÐALGRÍMUR

Hvernig datt mér í hug að fagrar listir gætu þrífist í þessu ólandi. Hvernig getur nokkurt líf þrífist hér á þessum brimsorfna kletti lengst norður í hafi. Hvert sem litíð er sér maður gríðarstórar auðnir, eyðimerkursanda, brunnið hraun og berangursleg fjöll. Þetta er eins og holdsveikt land, það litla hold sem er á því er dautt eða deyjandi. Hvernig er hægt að dansa á þessu landi svo hörðu og köldu? Hvernig er hægt að syngja á því þegar særokið og veðurnýrinn yfirgnæfir allt? Hvernig er hægt að leika þegar fólkíð er allt krókloppið og svangt? Hvernig er hægt að vera glaður í þessu landi?

ÞORGEIR kemur inn með handrit AÐALGRÍMS.

ÞORGEIR

Hérna! Ég bjargaði fyrir þig bókinni. Hún er dálítið sviðin en jafngóð fyrir því.

AÐALGRÍMUR

Það eru litlar líkur á að þessi leikur verði sýndur á Íslandi. En þakka þér fyrir, Þorgeir leikari.

ÞORGEIR

Það er lítið að þakka. Mín laun eru þau að ég gat skapraunað yfirvaldinu örlítið.

AÐALGRÍMUR

Varla verður það þér til framdráttar. (*þögn*) Nú skilja leiðir. Þakka þér fyrir þennan litla sjónleik okkar.

ÞORGEIR

Ég hafði mikið gaman að honum. Ef til vill verða leikir framtíðarinnar með líku sniði.

AÐALGRÍMUR

Ekki held ég að það verði raunin á Íslandi. Þjóð sem hefur fimmtíu nöfn fyrir innvolsið í þorskhaus en einungis tvö fyrir ást er ekki líkleg til að hneigjast til fagurra lista.

ÞORGEIR

Hvað hyggstu fyrir?

AÐALGRÍMUR

Ég sigli aftur til Englands. Þar sem fuglar syngja í trjánum í kapp við pípara, gígjara og bumbuslagara á torgum.

ÞORGEIR

Ef til vill færðu not fyrir leikrit þitt í Englandi. (*þögn*) Mér hefur alltaf fundist það með ólíkindum að Fengir láti ekki drepa Amlóða. Hann er vitni að morði föður síns og bróður og gæti því reynst Fengi hættulegur.

AÐALGRÍMUR

Hann blekkir Fengi. Hann leikur sturlun sína að slíkri snilld að þrátt fyrir grunsemdir tekst engum að fletta ofan af honum. Amlóði var góður leikari enda lá líf hans við að hann léki hlutverki sitt vel..

ÞORGEIR

Hefði ég verið í sporum Fengis hefði ég drepið hann til öryggis. Hverju munar hvort maður drepur tvo eða þrjá?

AÐALGRÍMUR

Eða níu. Eða átján.

ÞORGEIR

Sagan væri betri ef Amlóði vissi ekki að faðir hans var myrtur en kæmist að því. Þá er hann skyldur til hefnda.

AÐALGRÍMUR

Hvernig ætti hann að komast að því?

ÞORGEIR

Hann gæti fundið bréf frá föður sínum.

AÐALGRÍMUR

Hvernig gat faðir hans vitað að hann yrði myrtur?

ÞORGEIR

Einhver annar gæti hafa orðið vitni að morðinu.

AÐALGRÍMUR

Hver þá?

ÞORGEIR

Vinur. Hirðmaður. (*þögn*) Gæti faðir Amlóða ekki sagt honum frá því?

AÐALGRÍMUR

En hann er dauður. Dauðir segja ekki frá. (*rennur upp ljós*) Oft ratast kjöftugum satt orð á munn. (*þögn*) Hinn myrti fær ekki frið í gröfinni og gengur aftur. Ég sé það fyrir mér: Tveir varðmenn á virkisvegg, þeim birtist mynd hins látna konungs, þögul og sorgmædd. Varðmennirnir sækja Amlóða og vofan leiðir hann í allan sannleika.

ÞORGEIR

Og þá leitar hann hefnda.

AÐALGRÍMUR

Nei. Ekki strax. Hann gerir sér upp sturlun til að enginn komist að vitneskju hans og hugarangri. Þessi tvískinnungsháttur Amlóða gefur leikaranum einstakt tækifæri...

ÞORGEIR

Er ekki líka óþarfi að hann sé forljótur og velti sér upp úr hlandi og saur? Enginn getur haft samúð með slíkri hetju, sérstaklega ekki þegar hún hegðar sér jafnkjánalega og Amlóði.

AÐALGRÍMUR

Hann verður fagur og ógæfusamur. Kerlingarnar eiga eftir að gráta örlög hans. (*þögn*) En hver verða örlög þín, Þorgeir?

ÞORGEIR

Þetta er stórt land og erfitt yfirferðar. Einhversstaðar hlýt ég að geta falið mig.

AÐALGRÍMUR

En fyrir eða síðar ná þeir þér og það er ekki venjan að sýna trúðum og göngumönnum miskunn (*þögn*) Hversvegna kemurðu ekki með mér?

ÞORGEIR

Til Englands?

AÐALGRÍMUR

Listamaður eins og þú getur lifað góðu lífi þar. Enska leikhúsið blómstrar um þessar mundir.

ÞORGEIR

En ég tala ekki málið.

AÐALGRÍMUR

Það lærir þú. Enska skipið sem ég kom með siglir í dögun. Ef við sprettum úr spori náum við því.

ÞORGEIR

Litlar skyldur hef ég við þetta land. Hvað hefur það boðið mér annað en fiskrudda og leifar, útskúfun, spott og barsmíðar. Ég kem með þér.

AÐALGRÍMUR

Við getum stytst okkur stundir við það á siglingunni að endurgera söguna um Amlóða Harðvendlilsson svo hann verði sú sorgmædda hetja sem öllum fellur í geð.

ÞORGEIR

Ætlarðu að endurskrifa leikritið.

AÐALGRÍMUR

Nei til þess þurfum við enskan mann svo við getum leikið það svo allur landslýður skilji. Það var hestastrákur samtíða mér í Leikhúsinu. Það kom í ljós að hann er ágætur leikari og eitthvað er hann byrjaður að fást við skriftir. (*þögn*) Til að fletta ofan af svikakónginum notar Amlóði hóp farandleikara. Hann breytir sjónleik þeirra og lætur þá segja frá morði konungs. Þannig verður leikur í leiknum. Hvernig líst þér á?

ÞORGEIR

Það er gott og blessað en eitthvað verður hetjan að vinna sér til frægðar, standa í vígaferlum og bardögum, því annars leiðist fólki þessi saga.

AÐALGRÍMUR og ÞORGEIR fara. Handritið verður eftir. SUNNEVA kemur inn og horfir á eftir þeim.

SUNNEVA

Þar fara þeir, þar fara þeir. Með sínar grillur. Annar ver gömlu grilluna en hinn er með nýja. Sá heldur að verði hún ofaná þá muni allt batna. Eins og eitthvað batni einhverntíma. Ónei. Allar breytingar eru til hins verra. (*þögn*) Þar fara þeir. Það er karlmönnum líkt að leggja yfir úthaf í leit að draumi. Ekki verður mikill missir af þeim. (*rekur augun í handritið*) Hvað er nú þetta? Handritið? (*blaðar í bókinni*) Það er best að taka þetta til handargagns. Að einhverjum notum ætti það að koma. Í það minnsta í uppkveikjuna. (*fer*)

ÁSA, SIGNÝ og HELGA koma inn. Þær eru að leika sér en það er einhver deyfð yfir leiknum eins og hugur fylgi ekki máli.

ÁSA

Kom ég þar að kveldi
sem kerling sat að eldi

SIGNÝ

Ég heilsaði henni.

HELGA

Hún tók sinn binginn
og hugði mig stinga

ÁSA

Þá tók ég lurkinn minn langa
og lagð'ann undir kerlingarvanga

SIGNÝ

Hún vild'ekkert gott orð heyra
með sínu bölvaða bannsetta krókótta
kindótta kringlóttu kerlingareyra

HELGA

Ég tók mér þá lítið skip
og sigldi út á haf
en kerling tók sitt öskutrog
og þar sökk hún á kaf

Þær þagna og hætta að leika sér.

ÁSA

Burt er riðinn sýslumaður í söðli

SIGNÝ

Klerkurinn líka á klárhesti sínum

HELGA

Burt eru bændur á bikkjunum höstum

ÁSA

Á fótunum trúðar og förumenn

SIGNÝ

Og hér sitjum við

HELGA

Sem fastast sitjum við

ÁSA

Eftir sitjum við

ÁSA, SIGNÝ OG HELGA syngja

Sköpuð er snauð og skortir brauð
skítug og blauð - á engan auð
með augun rauð hún eltir sauð
af eynd og nauð hún dettur dauð
Því gleðivana þjóð er gæfusnauð

ALLIR syngja

Þótt þú búir við innri þurrk
og þiggja megir ei við honum slurk
og gleðispillarnir geri þér skurk
þá góði, er óþarft þú kvíðir
Þó náttúran sé lamin með lurk
þá leitar hún út um síðir

ÁSA
Svo kann ég ekki þessa Lokalygi lengri

TJALDIÐ